



skoðun 14


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt







Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
8. júní 2011
132. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Heilsuhlaupið endurvakið

*Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir Heilsuhlaupinu í tuttugasta sinn í dag.*

**tímamót 18**


## Umtöluð forsíða

*Þrýstnar fyrirsætur prýða forsíðu nýjasta heftis ítalska Vogue.*

**fólk 27**




## Níu stigum á undan FH

*KR-ingar unnu 2-0 sigur á FH-ingum á KR-vellinum í gærkvöldi.*

**sport 30**


## veðrið í dag




**BJART VESTANLANDS** NA-átt, 3-12 m/s. Bjart með köflum vestan til. Þykknar upp með úrkomu austanlands í kvöld.

**VEÐUR 4**




**„ÉG LÝSI MIG SAKLAUSAN AF ÁKÆRUEFNUNUM“** Geir stóð upp frammi fyrir landsdómi við þingfestinguna í Þjóðmenningarhúsinu í gær og gerði grein fyrir afstöðu sinni til sakarefnisins. Afstaða hans var skýr: hann lýsti sig saklausan af öllum ákæruatriðum. Verjandi hans fór því næst fram á að meirihluti dómsins viki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vill þingkjörna dómara frá

**Verjandi Geirs H. Haarde segir meirihluta landsdóms hafa verið handvalinn af Alþingi til að dæma í máli Geirs. Átta dómarar þurfi að víkja. Geir kvaðst saklaus af öllum ákæruatriðum við þingfestinguna í gær.**

**DÓMSMÁL** Verjandi Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, krafðist þess fyrir landsdómi í gær að meirihluti dómsins, sem kjörinn er af Alþingi, viki sæti í málinu þar sem ástæða væri til að draga hlutlægni þeirra í efa. Þeir hefðu í raun verið handvaldir af ákæruvaldinu – Alþingi – þegar ákveðið var að framlengja skipunartíma þeirra eftir að málið var hafið í maí.

Saksóknarinn mótmælti þessum málatilbúnaði sem rökleysu og sagði framlenginguna einfaldlega hafa verið skynsemi. Með þessu sé verjandinn einungis að reyna að setja málið í uppnám.

Ákæran á hendur Geir var þingfest eftir hádegi í gær. Geir var studdur af fjölskyldu sinni – eiginkonu, börnum og tengdabörnum – sem sátu á fremsta bekk í dómnum.

Geir neitaði öllum sakargiftum og sagðist í ríkisstjórnartíð sinni ævinlega hafa lagt sig fram um að taka ákvarðanir með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. „Aldrei hefði mig órað fyrir því að eiga eftir að standa í þessum sporum hér í dag,“ sagði hann.

> Aldrei hefði mig órað fyrir því að eiga eftir að standa í þessum sporum hér í dag.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA

Síðdegis í gær héldu stuðningsmenn Geirs fund í Hörpu. Um 400 manns mættu á fundinn og hlýddu á ávarp Geirs og ræðu Kristrúnar Heimisdóttur, fyrrverandi aðstoðarmanns Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og núverandi aðstoðarmanns Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Þar sagði Geir að sumir sem samþykkt hefðu málshöfðun á hendur honum létu nú eins og ekkert hefði hefði breyst. „Þau eru búin að krefjast tveggja ára fangelsis yfir mér og þau halda að þau geti bara komið að mér og kysst mig og knúsað eins og ekkert sé. „No sir,“ segi ég bara við þær konur sem það reyna.“ **- sh /** **sjá síðu 4**

Óskarsverðlaunaleikkonan Charlize Theron væntanleg til landsins í júlí:

# Stórmynd Scotts tekin á Íslandi

**FÓLK** Stórmyndin Prometheus eftir Ridley Scott verður að hluta til tekin upp hér á landi í næsta mánuði. Óskarsverðlaunaleikkonan Charlize Theron og Guy Pearce eru væntanleg til landsins til að leika í myndinni en tökurnar standa yfir í um viku. Umfangið verður svipað og þegar tökur á kvikmyndinni Lara Croft fóru fram við Jökulsárlón fyrir rúmum áratug en alls munu 350 starfsmenn koma að þessu verkefni.

Framleiðslustjóri myndarinnar, Sam Breckman, hefur hreiðrað um sig á skrifstofu framleiðslufyrirtækisins True North, sem hefur veg og vanda af tökunum hér á landi. Breckman er mikill reynslubolti í Hollywood og vann meðal annars með Chris Nolan þegar hann tók upp nokkrar senur fyrir Batman Begins við rætur Svínafellsjökuls árið 2005. Starfsfólk True North er hins vegar þögult sem gröfin og Leifur Dagfinnsson, framleiðandi hjá True North, vildi ekkert tjá sig við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað. **- fgg /** **sjá síðu 34**



CHARLIZE THERON


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

SPJALDTÖLVUR og aukahlutir í úrvali
USB bílhleðslutæki
Inbyggt 3G og GPS

Erum á móti Ikea í gallery Art2b
2b.is android
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT - ht.is
Heimilistæki
SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500
BÆKLINGUR FYLGIR BLAÐINU

BÆKLINGUR FYLGIR Í DAG
SEX VERSLANIR- ALLTAF BETRA VERÐ
TÖLVULISTINN TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

## SPURNING DAGSINS



*Edda, ertu búin að skipta um skrá?*

„Já, einnig kennitölu og símanúmer.“

Edda Hauksdóttir er móðir Steinþórs Helga Arnþórssonar sem var loks að flytja að heiman í fyrsta skipti, 27 ára gamall. Þau tímamót í lífi mæðginanna urðu eftir áralangan þrýsting frá Eddu að því er Steinþór sagði í Fréttablaðinu í gær.

Gekk berserksgang gagnvart lögreglu og starfsmanni meðferðarheimilis:

# Hótaði dóttur lögreglumanns ofbeldi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega tvítugan mann fyrir ofbeldi og grófar hótanir gegn lögreglu og starfsmanni á meðferðarheimili.

Atvikin áttu sér stað í júní á síðasta ári. Manninum er gefið að sök að hafa skallað starfsmanninn og stappaði á háls hans inni í bíl.

Maðurinn linnti ekki látum þegar lögreglan kom á vettvang. Því hann er einnig sakaður um að hafa kýlt lögreglumann í andlitið sem og að hafa sparkað í handlegg hans og andlit. Hann reyndi einnig að bíta lögreglumanninn.

Ofbeldismaðurinn náði einnig að sparka í læri annars lögreglumanns og slá hann með krepptum hnefa í andlitið, að því er segir í ákæru.

Í lögreglubílnum á leiðinni á lögreglustöð hótaði hann svo báðum lögreglumönnunum og fjölskyldum þeirra ítrekað lífláti og jafnframt að beita dóttur annars þeirra kynferðislegu ofbeldi.

Þá hrækti hann ítrekað í andlit og á búninga beggja lögreglumannanna. - jss



**GEKK BERSERKSGANG Í LÖGREGLUBÍL** Ungur maður hefur verið ákærður fyrir gróf ofbeldisbrot og hótanir gagnvart starfsmanni á meðferðarheimili og tveimur lögreglumönnum.

Umdeild stækkun samþykkt:

# Má stækka vínbúð á Akureyri

**SKIPULAGSMÁL** ÁTVR má byggja við vínbúð sína við Gránufélagsgötu á Akureyri samkvæmt samþykkt skipulagsnefndar bæjarins.

Fjölmargir íbúar og húseigendur í nágrenninu eru óánægðir með stækkunina. Þeir óttast aukið ónæði og að eignir falli í verði. „Verðmæti eignanna ætti að aukast við breytinguna á deiliskipulaginu þar sem núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir algerri uppstokkun og niðurrifi reitsins,“ segir í tillögu sem samþykkt var í skipulagsnefndinni. - gar



**GEITUNGABÚ** Óvíst hvort flugan nær sér á strik í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ekkert sést til geitunga:

# Kalt vor fer illa með geitunga

**NÁTTÚRA Lítið sem ekkert hefur sést til geitunga í sumar. Ástæðuna segir skordýrafræðingur vera óvenju kalt vor.**

**Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, hefur fylgst vel með geitungum síðustu árin en þetta vorið sést ekkert til þeirra. Erling segir erfitt að segja til um hvort geitungarnir geti náð sér á strik síðar í sumar. Kuldi líkt og nú hafi ekki þekkst síðustu árin. Þá hafi veðrið verið jafnara og geitungastofninn haldist svipaður ár frá ári.** - lvp, shá

Flugvirkjar leggja niður störf:

# Slitnaði upp úr kjaraviðræðum

**KJARAMÁL** Ríkissáttasemjari sleit viðræðum Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair í gær og ekki hafði verið boðað til nýs fundar þegar Fréttablaðið fór í prentun á ellefta tímanum í gærkvöldi.

Því tekur vinnustöðvun flugvirkja gildi í dag og stendur frá sex til tíu. Hún nær einnig til fimmtudags og föstudags á sama tíma semjist ekki.

Maríus Sigurjónsson, varaformaður Félags flugvirkja, segir ekkert liggja fyrir um frekari fundi, en það sé ákvörðun sáttasemjara hvenær það verður. Hann var ekki sammála mati sáttasemjara um að tilgangslaust hafi verið að halda viðræðum áfram í gær. - shá

# Engin heilsufarsógn staðfest í mælingum

**Blóðsýni starfsmanna sorpbrennslunnar Funa og íbúa í næsta nágrenni sýna að díoxín er undir þeim mörkum sem talin eru hafa áhrif á heilsu. Slík mörk eru hins vegar óskilgreind. Hæst mælist díoxín 60 prósent yfir viðmiðunarhópi.**

**UMHVERFISMÁL** Fyrstu niðurstöður heilsufarsrannsóknar vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum sýna að starfsmenn Funa og íbúar á Ísafirði þurfa ekki að óttast heilsufarsleg áhrif vegna mengunarinnar. Þetta er mat sóttvarnalæknis.

Díoxínmagn í blóði þeirra sem unnu í Funa eða bjuggu næst sorpbrennslunni er hæst 60 prósent yfir viðmiðunargildum sem voru fengin frá tuttugu manns á Ísafirði og í Reykjavík.

Í marsmánuði var safnað blóðsýnum og mjólkursýni frá íbúum á Ísafirði, í Skutulsfirði, Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri, eftir að í ljós kom að sorpbrennslur í Skutulsfirði, Eyjum og á Klaustri höfðu um árabil myndað díoxín yfir mörkum fyrir sorpbrennslur sem tóku til starfa eftir 2003.

„Þetta er léttir, það verður að viðurkennast,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Spurður um niðurstöðu mælinganna, og við hvað sé miðað, segir Haraldur að heilsuverndarmörk séu ekki vel skilgreind. „Þetta er ekki vel skilgreint, ég verð að játa það. En menn telja að þetta magn ógni ekki heilsu manna að neinu leyti.“ Haraldur segir að í Bandaríkjunum sé miðað við 25-30 píkógrömm (pg/g) sem heilsuverndarmörk. „Það er heldur ekki hægt að fullyrða að þó að gildin færu í 50 að það ógni heilsu og okkar vísindamenn telja sig fullvissa um að þetta magn sé skaðlaust.“

Hæstu gildi úr blóðsýnum starfsmanna og íbúa í Skutulsfirði voru 16,2 pg/g. Viðmiðunargildi voru í kringum tíu pg/g sem er ámóta og þekkist á Norðurlöndunum.

Þrátt fyrir jákvæða niðurstöðu mælir sóttvarnalæknir engu að síður með að allir sem starfa við sorpbrennslur noti hlífðarbúnað og öndunargrímur við störf sín. „Ég mæli með því að menn verji sig vel og vonandi heyra þessir brennsluofnar bráðum sögunni til,“ segir Haraldur.

Enn er unnið að blýmælingum hjá þeim sem voru rannsakaðir með tilliti til díoxíns. Niðurstöður þeirra mælinga verða væntanlega gerðar kunnar síðar í þessum mánuði. Þær mælingar gefa til kynna hvort annars konar mengun hafði áhrif á fólk á þeim svæðum þar sem sorpbrennslur störfuðu.

svavar@frettabladid.is



**SORPBRENNSLAN FUNI** Þrátt fyrir að engin heilsuverndarmörk hafi verið skilgreind um díoxín er talið öruggt að íbúar í nágrenni Funa þurfi ekki að óttast heilsutap vegna mengunar. MYND/HALLDÓR

### Heilsufarsrannsókn sóttvarnalæknis

- Rannsakað var díoxínmagn í blóði frá tíu heilbrigðum einstaklingum frá Ísafirði og tíu frá Reykjavík.
- Niðurstöður þessara blóðmælinga voru til viðmiðunar fyrir þá sem sérstaklega voru útsettir fyrir reyk frá brennsluofnunum.
- Magnið er gefið upp sem pg/g (píkógramm) fitu: pg/g einn billjónasti úr grammi. (WHO-TEQ 1998).
- Engin heilsuverndarmörk hafa verið skilgreind á Íslandi yfir díoxín.
- Viðmiðunargildið frá Ísafirði reyndist vera 10,2 pg/g fitu.
- Viðmiðunargildið frá Reykjavík reyndist vera 9,7 pg/g fitu.
- Díoxínmagn í blóði starfsmanna við sorpbrennslurnar og ábúendur í námunda við þær mældist á bilinu 2,7-16,2 pg/g.



**BIRKIHRÍSLA** Búið að grafa frá birki við Lómagnúp. MYND/SIGURÐUR H. GUÐMUNDSSON

Gróður ekki í hættu:

# Smádýr gætu liðið fyrir ösku

**ELDGOS** Ætla má að gróður á láglendi muni víðast hvar standa af sér öskufallið frá Grímsvatnagosinu. Fer það þó mjög eftir tíðarfari á komandi vikum. Neikvæð áhrif á smádýr geta orðið veruleg, einkum á jarðvegsdýr af ýmsu tagi og smádýr.

Þetta er niðurstaða sérfræðinga frá Náttúrufræðistofnun sem fóru í skoðunarferð um öskusvæðið í Vestur-Skaftafellssýslu þar sem hugað var að gróðri, smádýra- og fuglalífi.

Lítið varð vart við varpatferli fugla í ferðinni, en kalt veður á rannsóknatímanum er talið geta ráðið miklu þar um. - shá

Færð á vegum landsins:

# Hálendisvegir flestir lokaðir

**SAMGÖNGUR Vegagerðin bendir á í tilkynningu að allur akstur er bannaður á nær öllum hálendisvegum vegna aurbleytu. Hætta er á að ökutæki skemmist og er þeim sem ætla að leggja leið sína upp á hálendið ráðlagt að kynna sér hvar umferð er leyfð áður en haldið er af stað.**

**Þá vekur Vegagerðin jafnframt athygli á framkvæmdum á Reykjanesbraut við Grænás í Reykjanesbæ og við tvöföldun Vesturlandsvegar, milli Álafossvegar og Þingvallavegar í Mosfellsbæ. Þar eru vegfarendur hvattir til að sýna fyllstu aðgát og fylgja merkingum.** - þj






Gunnlaugur M. Sigmundsson stefnir bloggaranum Teiti Atlasyni fyrir meiðyrði:

# „Eitt allsherjarbull í gölnum manni“

**DÓMSMÁL** Gunnlaugur M. Sigmundsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur stefnt bloggaranum Teiti Atlasyni fyrir meiðyrði. Tilefnið er bloggfærsla sem Teitur skrifaði 16. febrúar síðastliðinn um viðskipti Gunnlaugs á tíunda áratuginum.

„Þetta er eitt allsherjarbull í gölnum manni þannig að það er ekkert annað að gera,“ segir Gunnlaugur um stefnuna.



**GUNNLAUGUR M. SIGMUNDSSON**

Bloggfærslan var undir yfirskriftinni „Formaður Framsóknarflokksins og hræðslan“ en henni hefur nú verið breytt og inniheldur einungis þrettán ára gamla umfjöllun úr Morgunblaðinu um málefni fyrirtækisins Kögunar, sem Gunnlaugur fór fyrir.



**TEITUR ATLASON**

„Þetta snýst um það að sonur minn segir að ríkisstjórnin sé hrædd og þá snýr hann þessu upp á fjölskyldu Sigmundar, það er að segja mig og konuna mína – að ég hafi notað aðstöðu mína sem þingmaður til þess að komast að innherjaupplýsingum og frétt af stórum samningi við NATO,“ segir Gunnlaugur um bloggfærsluna, en hann er faðir Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins.

Gunnlaugur segist hafa boðið Teiti sættir en þeim hafi Teitur hafnað. „Hann virðist telja að þar sem ég hafi einu sinni verið opinber persóna þá sé honum heimilt að kasta í mig hvaða skít sem er,“ segir hann. Hann vildi ekki tjá sig frekar um stefnuna og vísaði á lögmann sinn, Erlu Skúladóttur.

Erla staðfesti að málið hefði verið höfðað og það yrði þingfest 28. júní en vildi ekki tjá sig að öðru leyti og kvaðst ekki vilja reka málið í fjölmiðlum.

Hvorki náðist í Teit né lögmann hans í gær. - sh



中国进出口商品交易会
CHINA IMPORT AND EXPORT FAIR
More than you expect
The 110th China Import & Export Fair is to open soon
The 110th Canton Fair
China boasts boundless opportunities as usual. The 110th session of China Import and Export Fair from October 15 to November 4, 2011, with an exhibition area of 1.16 million square meters, 58,600 stands, and business turnover of as much as tens of billions US dollars, will be the best platform for you to grow your business!
Phase 1 October 15 – 19
Electronics & Household Electrical Appliances; Hardware & Tools; Machinery; Vehicles and Spare Parts; Building Materials; Lighting Equipments; Chemical Products; International Pavilion
Phase 2 October 23 – 27
Consumer Goods; Gifts; Home Decorations
Phase 3 October 31 – November 4
Textiles & Garments; Shoes; Office Supplies, Cases & Bags; Recreation Products; Medicines; Medical Devices; Health Products; Food; International Pavilion
Canton Fair Call-Center
86-20-28888-999 Outside the Chinese Mainland
4000-888-999 The Chinese Mainland
www.cantonfair.org.cn
Venue: China Import and Export Fair Complex Hosts: Ministry of Commerce, PRC; People's Government of Guangdong Province Organizer: China Foreign Trade Centre Fax: 86-20-28395166 Email: info@cantonfair.org.cn

## GENGIÐ 07.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,12 | 113,66 |
| Sterlingspund | 185,9 | 186,8 |
| Evra | 165,84 | 166,76 |
| Dönsk króna | 22,24 | 22,37 |
| Norsk króna | 21,158 | 21,282 |
| Sænsk króna | 18,395 | 18,503 |
| Japanskt jen | 1,4094 | 1,4176 |
| SDR | 182,43 | 183,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,669

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Árni Páll fékk greiðslur frá Íbúðalánasjóði fyrir sérfræðiráðgjöf:

# Gagnrýnir greiðslu til ráðherra

**ALÞINGI** Fyrirtæki í eigu Árna Páls Árnasonar, nú efnahags- og viðskiptaráðherra, fékk tæplega 40 milljónir króna fyrir ráðgjafastörf frá Íbúðalánasjóði á árunum 2004 til 2008. Þetta kom fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um sérfræðikostnað sjóðsins. Árni Páll var lögmaður í sjálfstæðum rekstri áður en hann tók við embætti ráðherra.

Guðlaugur Þór segir að greiðslurnar hljóti að hafa sett Árna Pál í sérstaka stöðu. „Það hlýtur að hafa verið mjög snúið fyrir hann að vera þingmaður að vinna fyrir Íbúðalánasjóð á sama tíma og hann er að fjalla um lagasetningar sem tengjast sjóðnum. Ég man ekki eftir að þetta hafi verið á vitorði manna.“



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Árni Páll segir ekkert athugavert við greiðslurnar. Hann hafi rekið lögfræðifyrirtæki og skýrt frá því í hagsmunaskráningu sem þingmaður. Hann hafi verið beðinn um að vinna ákveðin verkefni fyrir sjóðinn og innheimt fyrir það gjald. Það hafi verið ákvörðun sjóðsins að leita til hans. „Allir vita að ég var lögmaður sjóðsins þegar ég fór á þing. Vinnan var unnin og innheimt fyrir hana mjög lágt tímagjald,“ segir hann. **- kóp**

MS hættir forverðmerkingum:

## Einingarverð á ostum bannað

**NEYTENDUR** Mjólkursamsalan (MS) hefur frá 1. júní hætt forverðmerkingu osta. Dreifing ostanna hófst í gær.

Er þetta gert í samræmi við nýjar reglur Neytendastofu og tilmæli Samkeppniseftirlitsins um að hætta skuli forverðmerkingu á ákveðnum flokkum matvöru.

Neytendur geta séð einingarverð á ostunum með því að bera þá upp við skanna sem verið er að setja upp í öllum matvöruverslunum landsins. **- sv**

Ráðherra samþykkir þjónustu:

## Munu þjónusta íbúðaleigjendur

**HÚSNÆÐISMÁL Neytendasamtökin munu nú veita leigjendum íbúðarhúsnæðis upplýsingar um rétt sinn og skyldur samkvæmt húsaleigulögum. Gert er ráð fyrir að sérstakur upplýsingavefur verði settur upp á heimasíðu samtakanna, sem munu einnig veita persónuleg viðtöl og útvega lögfræðiráðgjöf.**

**Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra undirritaði þjónustusamning við Neytendasamtökin um leiðbeiningarþjónustu við leigjendur í gær, að því er fram kemur á vef samtakanna. Unnið er að endurskoðun húsaleigulaga í ráðuneytinu.** **- sv**

Hækka í 161 þúsund krónur:

## Atvinnuleysisbætur hækka

**FÉLAGSMÁL** Atvinnuleysistryggingar hækka frá og með 1. júní 2011. Grunnatvinnuleysisbætur hækka um tólf þúsund krónur sem svarar til krónutöluhækkunar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þær verða því 161.523 kr. á mánuði í stað 149.523 kr. áður.

Hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta hækkar og verður að hámarki 254.636 krónur á mánuði. Jafnframt verður greidd út eingreiðsla til þeirra atvinnuleitenda sem hafa verið tryggðir á tímabilinu 20. febrúar til 19. maí. **- shá**

### LEIÐRÉTT

Sýningin Elsku barn fékk níu en ekki sjö tilnefningar til Grímuverðlaunanna eins og sagt var í Fréttablaðinu í gær.

Mynd af Hagafossi í Geirlandsá sem birtist á síðu 4 í blaðinu í fyrradag var ranglega merkt. Höfundur hennar er Ólafur G. Sigurðsson.

# Neitar öllum sakargiftum

**Geir H. Haarde segist sem ráðherra aðeins hafa tekið ákvarðanir með hag þjóðarinnar að leiðarljósi. Hann sé saklaus af ákæru Alþingis og hyggist sanna það. Saksóknari segir Geir reyna að setja málið í uppnám.**

**DÓMSMÁL** „Virðulegu dómarar, háttvirtur saksóknari. Mín afstaða til sakarefnis er skýr: Ég lýsi mig saklausan af ákæruefnunum og mun leggja mig fram um að sanna sakleysi mitt af öllum ákæruatriðum.“ Þetta sagði Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, inntur eftir afstöðu sinni til ákæru Alþingis á hendur honum við þingfestingu málsins fyrir landsdómi í gær.

Geir mætti fyrir réttinn ásamt verjanda sínum, Andra Árnasyni, og á fremsta bekk sat fjölskylda hans, eiginkona, börn og tengdabörn. Geir heilsaði saksóknaranum Sigríði Friðjónsdóttur með handabandi áður en þinghald hófst.

„Á löngum ferli í ríkisstjórn lagði ég mig ævinlega fram um að taka ákvarðanir af heiðarleika og fyllstu ábyrgð með hag þjóðarinnar að leiðarljósi,“ sagði Geir. „Aldrei hefði mig órað fyrir því að eiga eftir að standa í þessum sporum hér í dag. Það er auðvitað persónulega þungbært en þó ekki eins og ætla mætti því ég veit hvernig þetta mál er til komið og hvað réði för hjá þeim sem bera ábyrgð á því að ég er hingað kominn.“



**DYGGILEGA STUDDUR** Fjölskylda Geirs sat honum næst í salnum, á fremsta bekk. Að þinghaldinu loknu tók Geir á móti fjölmennum hópi stuðningsmanna sinna í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verjandi Geirs krafðist þess fyrir dómnum í gær að allir þingkjörnir dómarar landsdóms, átta dómarar af fimmtán, vikju sæti. Hann sagði að ástæða væri til að draga hlutlægni þeirra í efa, enda hefðu þeir í raun verið handvaldir í dóminn af Alþingi, sem væri ákæruvaldið í málinu.

Þar vísaði Andri til nýlegrar breytingar á lögum um landsdóm, sem gengu í gegn eftir að ákveðið var að höfða málið á hendur Geir. Með breytingunum var skipunartími dómaranna átta framlengdur þar til málarekstrinum lýkur. Dómararnir voru skipaðir fyrir sex árum og skipunartíminn átti að renna út 11. maí.

Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, sagði þessa kröfu Andra rökleysu og að ómögulegt væri að taka hana til greina. Ef skipta ætti út dómurunum átta núna fyrir nýja þá fyrst yrði dómurinn vanhæfur, enda þyrfti Alþingi þá að velja nýtt fólk eftir að málshöfðunin hefði verið ákveðin.

„Þetta er skynsemi,“ sagði Sigríður um lagabreytinguna og sagði að tilgangurinn með kröfu verjandans væri væntanlega sá að setja málið allt í uppnám. „Það er ekki vandamál sakborningsins,“ svaraði Andri Árnason, verjandi Geirs.

> Á löngum ferli í ríkisstjórn lagði ég mig ævinlega fram um að taka ákvarðanir af heiðarleika og fyllstu ábyrgð með hag þjóðarinnar að leiðarljósi.
>
> **GEIR H. HAARDE** FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA

Ekki liggur fyrir hvenær landsdómur úrskurðar um þessa kröfu. Næsta þinghald í málinu hefur ekki verið boðað. Geir hyggst jafnframt leggja fram frávísunarkröfu í málinu.

Síðar um daginn var haldinn fjölmennur stuðningsmannafundur fyrir Geir í Norðurljósum, einum af sölum tónlistarhússins Hörpu. Þar ávarpaði Geir stuðningsmenn sína, auk þess sem Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, flutti ræðu.

**stigur@frettabladid.is**




## AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

10 ÁRA 2001-2011 FRÉTTABLAÐIÐ

**AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!**

Ívar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349 ivarorn@365.is

Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700 sigridurh@365.is


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**SVALUR Á ÞVÍ**

Áfram verður svalt í veðri næstu daga og víða næturfrost. N- og NA-lægar áttir. Bjart með köflum um mest allt land í dag en þykknar upp með úrkomu og hvessir fyrst austanlands í kvöld. Víða hvasst á fimmtudag með úrkomu A- til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 16° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 35° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 22° |
| París | 18° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI
Way of Life!







# Nýr Suzuki Swift










FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

**Verð frá 2.580 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
$CO^2$ 116g/km

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

Hugtök Markaðsráðgjöf Maí 2011

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## KJÖRKASSINN



*Sóttir þú hátíðahöld á sjómannadaginn?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 21,4% |
| NEI | 78,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú kynnt þér frumvörp um breytingar á stjórn fiskveiða?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Leikurinn Dust 514 kemur út sumarið 2012 á Playstation 3:

# CCP undirritar stóran samning við Sony

**VIÐSKIPTI** Íslenski tölvuleikjaframleiðandinn CCP hefur skrifað undir samstarfssamning við Sony um útgáfu og kynningu á væntanlegum leik CCP, Dust 514, sem á að koma út að ári.

„Samningurinn hefur talsvert mikla þýðingu fyrir CCP. Við erum að koma nýir inn á leikjatölvumarkaðinn með Dust 514 og stuðningur Sony gefur okkur mjög öflugan stökkpall sem við hefðum ella þurft að smíða sjálfir. Ég held að þetta verði lykilsamstarf til næstu ára fyrir fyrirtækið,“ segir Þorsteinn Högni Gunnarsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá CCP.

Þorsteinn segir hátt í þúsund tölvuleiki fyrir Playstation 3 koma út á ári. Sony geri hins vegar örfáa samninga á borð við þennan. Þetta sé því viss upphefð og viðurkenning á störfum fyrirtækisins.

Fulltrúar CCP og Sony kynntu samstarfið aðfaranótt þriðjudags í Los Angeles í Bandaríkjunum en þar hófst í gær E3, stærsta tölvuleikjaráðstefna heims. Þá var útlit leiksins kynnt fyrir þúsundum þátttakenda á ráðstefnunni.

Dust 514 verður annar tölvuleikur CCP til að fara á markað á eftir EVE Online sem kom út árið 2003. Hugmyndin að baki leiknum þykir nýstárleg en ákvarðanir og spilamennska leikmanna munu hafa mikil áhrif á gang mála í heimi EVE þrátt fyrir að um gjörólíka leiki sé að ræða.

- mþl



**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON** Framkvæmdastjóri CCP kynnti samstarfið ásamt Jack Tretton, forstjóra Sony í Bandaríkjunum, í Los Angeles í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



GRILLUM Í SUMAR
GASGRILL ELLINGSEN
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar, ryðfrítt stál
REYKJAVÍK • AKUREYRI
ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
PIPAR\TBWA • SÍA • 111362


# Ríkisstjórnin sögð beita Alþingi ofbeldi

**Starfshættir Alþingis voru gagnrýndir harðlega á þingi í gær. Framkvæmdarvaldið sagt líta á þing sem afgreiðslustofnun. Allt tal um vandaðri þingstörf væri hræsni. Stjórnarþingmaður sagði umbætur í þingstörfum ekki hafa tekist.**

**ALÞINGI** Hörð gagnrýni kom fram á starfshætti Alþingis við umræður í gær. Gagnrýnin var nokkuð kunnugleg; allt of mörg mikilvæg mál kæmu of seint fram og ætlast væri til þess að þingmenn afgreiddu þau í flýti. Athygli vakti að stjórnarþingmaður tók undir gagnrýnina.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hófu gagnrýnina. Ragnheiður gagnrýndi að þingfundur hæfist á meðan sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd væri enn að störfum, en þar var fjallað um kvótafrumvarpið hið minna. Sigurður á sæti í nefndinni og hann sakaði framkvæmdarvaldið um ofbeldi gagnvart Alþingi.

Ríkisstjórnin liti á þingið sem afgreiðslustofnun. Undir þessa gagnrýni tóku fleiri stjórnarandstæðingar og sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, allt tal um vandaðri vinnubrögð þingsins vera öfugmæli og hræsni.

Stjórnarandstæðingar tiltóku sérstaklega frumvörp sjávarútvegsráðherra um fiskveiðistjórnun, enda hefðu þau komið á dagskrá Alþingis um það bil tveimur mánuðum eftir að framlagningarfrestur var úti.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði þetta brjóta gegn markmiðum sem þingið setti sér síðast þegar gerðar voru breytingar á reglum um störf þingsins. „Það má ekki verða fordæmi að ríkisstjórnin komist upp með að leggja fram frumvörp tveimur mánuðum eftir framlagningarfrest og knýja þingstörf áfram fram á sumar.“

Athygli vakti að Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði þessa gagnrýni réttmæta, þó ekki endilega vegna kvótafrumvarpsins.

Valgerður sagði að taka þyrfti starfshætti þingsins til endurskoðunar. Fjöldi mikilvægra mála fengi að fljóta í gegn á síðustu dögum þingsins og þingmenn hefðu hvorki tíma né ráðrúm til að leggjast yfir þau. Þetta hefði viðgengist árum saman.

„Við ætluðum að breyta þessu en höfum ekkert gert. Nú er kjörtímabilið hálfnað og ég skora á framkvæmdarvaldið að koma með mál fyrr inn í þingið til að við höfum tíma til að gaumgæfa þau,“ sagði Valgerður.

kolbeinn@frettabladid.is



**UMDEILD** Þingstjórn Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur var gagnrýnd á þingi í gær og beðið um frestun ýmissa mála. Þá lá Jón Bjarnason undir ámæli fyrir að leggja fram frumvörp tæpum tveimur mánuðum eftir að frestur til þess rann út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Nú er kjörtímabilið hálfnað og ég skora á framkvæmdarvaldið að koma með mál fyrr inn í þingið …
>
> **VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR


ellingsen.is
ALHLIÐA VIÐGERÐARÞJÓNUSTA ELLINGSEN

FLEETWOOD can-am ski-doo EVINRUDE
Þjónustuverkstæði Ellingsen annast alhliða viðgerðar- og varahlutaþjónustu fyrir fjórhjól, utanborðsvélar, ferðatæki og vélsleða auk ástands- og sumarskoðana.


Þjónustuverkstæði Ellingsen opið alla virka daga frá kl. 8–18
Varahlutaþjónusta Ellingsen opin alla virka daga frá kl. 10–18
Tímapantanir fara fram í síma 580 8510 eða með tölvupósti, halldor@ellingsen.is eða arnarm@ellingsen.is.
Ellingsen
Þjónustuverkstæði
Þjónustuverkstæði
Ellingsen Vatnagörðum 12
Sími 580 8510
PIPAR\TBWA • SÍA • 22


Seðlabankinn hélt í gær sitt fyrsta útboð á gjaldeyri fyrir eigendur aflandskróna:

# Fyrsta skrefið í aflléttingu hafta

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands hélt í gær útboð á gjaldeyri fyrir eigendur aflandskróna. Alls bárust tilboð upp á rúmlega 60 milljarða króna en fimmtán milljarðar voru í boði að hámarki. Tilboðum var tekið fyrir 13,4 milljarða, á meðalverðinu 218,9 krónur fyrir evru.

„Það er töluverður áhugi. Þetta er fjórföld sú upphæð sem við buðum út, við náum að selja megnið af því sem við ætluðum okkur og það á verði sem felast ekki nein stórtíðindi í,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri og bætir við: „Bæði meðalverð og lægsta verð eru fyrir neðan það sem er í gangi á aflandsmarkaði. Það er vísbending um það, sem við vissum, að aflandsmarkaðurinn er kannski ekki alveg marktækur vegna lítillar veltu. Því er líklegra að aflandsgengi muni nálgast álandsgengið en öfugt.“

Útboðið er liður í áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta en líklegt er að fleiri slík útboð verði á næstunni. Með útboðunum gefst erlendum eigendum króna tækifæri til að skipta þeim í gjaldeyri. Már segir þetta skref hafa heppnast ágætlega og að næsta skref sé að selja þessar krónur aftur fyrir gjaldeyri. Frá því að áætlunin um aflléttingu gjaldeyrishafta var kynnt í mars síðastliðnum hafa ýmsir gagnrýnt að ekki sé lögð meiri áhersla á að losa höftin eins fljótt og auðið er. Már segist vona að hægt sé að losa höftin á skömmum tíma.

„Við höfum alltaf sagt að við viljum fara eins hratt og hægt er en ekki hraðar en óhætt er og það er ekkert í þessu útboði sem segir til um að þetta verði erfiðara en reiknað var með. Við þurfum hins vegar fleiri útboð áður en hægt er að leggja mat á það,“ segir Már.

Þá leggur Már áherslu á að áætlunin sé ekki tímasett heldur fari hraðinn eftir því hversu vel gangi. „Við skulum vona að við getum gert þetta fljótt en við getum ekki byggt okkar framkvæmdir á óskhyggjunni einni saman,“ segir Már.

- mþl



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri segir töluverðan áhuga hafa verið á fyrsta gjaldeyrisútboðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað komu margir farþegar til landsins með skemmtiferðaskipum í fyrra?*
2. *Hver er nýr formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins?*
3. *Hvaða sýning hlýtur flestar tilnefningar til Grímuverðlaunanna í ár?*

**SVÖR:**

*1. 74 þúsund. 2. Aðalsteinn Leifsson, lektor við HR. 3. Lér konungur.*

Íslandsbanki telur frumvörp um breytingar á stjórn fiskveiða skref í ranga átt:

# Varar við neikvæðum áhrifum

**EFNAHAGSMÁL** Sjávarútvegsteymi Íslandsbanka telur að flestar þær breytingar sem boðaðar eru í tveimur frumvörpum um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða hafi í för með sér neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja.

Greinin verður óhagkvæmari að mati bankans, arðsemi fyrirtækjanna minnkar, hvati og geta til fjárfestinga dregst saman og samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs á mörkuðum erlendis telur bankinn að muni veikjast er fram líða stundir. Þetta kemur fram í skýrslu sem sjávarútvegsteymi bankans sendi frá sér í gær. Þar segir jafnframt að rekstur sjávarútvegsfyrirtækja gangi almennt vel og að afkoman hafi batnað mikið síðastliðna þrjá áratugi. „Verði fyrirhugaðar breytingar á núverandi stjórnkerfi að veruleika er hins vegar hætt við að framlag greinarinnar til þjóðarbúsins minnki,“ segir í skýrslunni.

Þá telur bankinn að áhrif frumvarpanna nái út fyrir sjávarútveginn og hafi neikvæð áhrif á bankana vegna skertrar getu sjávarútvegsfyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar. **- shá**



**FARSÆLL Á VEIÐUM** Sérfræðingum Íslandsbanka í sjávarútvegsmálum hugnast illa boðaðar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Kvótafrumvörp ríkisstjórnar:

# Eyjamenn áhyggjufullir

**STJÓRNMÁL** Bæjarráð Vestmannaeyjabæjar lýsir yfir þungum áhyggjum af frumvörpum ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Í ályktun sem bæjarráðið hefur sent frá sér segir að taki frumvörpin gildi muni það koma harkalega niður á allri þjóðinni þar sem arðbærni og þjóðhagslegri hagkvæmni sjávarútvegsins verði kastað fyrir róða. Þá er lýst furðu á því að frumvörpin séu lögð fram án þess að áhrif þeirra á þjóðarhag hafi verið reiknuð. **- mþl**

**BRETLAND**

### Vilhjálmur og Katrín flytja

Hertoginn og hertogaynjan af Cambridge, þau Vilhjálmur prins og Katrín, munu flytja inn í nýtt heimili sitt í Kensington-höll á næstunni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá bresku konungsfjölskyldunni.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Framtennur brotnuðu

Ein líkamsárás var kærð til lögreglunnar í Vestmannaeyjum eftir skemmtanahald helgarinnar. Maður sem var gestur í heimahúsi sló annan mann með þeim afleiðingum að framtennur brotnuðu.

Tvær konur og karlmaður handtekin í fíkniefnamáli:

# Með dóp og barn í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á tvö kíló af marijúana og nokkrar kannabisplöntur við leit í bifreið sem stöðvuð var á Suðurlandsvegi nýverið.

Grunsemdir vöknuðu um fíkniefnamisferli þegar bifreiðin var stöðvuð við reglubundið eftirlit en sterka kannabislykt var að finna úr henni. Tvær konur á þrítugsaldri, ökumaður og farþegi bifreiðarinnar, voru handteknar og færðar til vistunar. Í bifreiðinni var einnig ungt barn ökumannsins og var barnaverndaryfirvöldum gert viðvart vegna þess.

Í kjölfar fíkniefnafundarins var farið í húsleit á heimili annarrar konunnar. Sambýlismaður hennar var handtekinn við heimilið en í bifreið hans fannst búnaður sem lögregla ætlar að hafi verið notaður við kannabisframleiðsluna. Við yfirheyrslur viðurkenndi önnur konan aðild sína að málinu. **- jss**



**MAKRÍLL UNNINN Í VINNSLUSTÖÐINNI** Áætlanir Vinnslustöðvarinnar um milljarða fjárfestingu í landvinnslu fyrirtækisins eru á ís vegna óvissu um framtíð fiskveiðistjórnunar í landinu. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Árleg fjárfesting var um tíu milljarðar

**Ársreikningar útvegsfyrirtækja benda til þess að fjárfesting til viðhalds hafi verið 10 milljarðar á ári árin fyrir hrun. Fullyrt hafði verið að fjárfesting hefði verið lítil sem engin. Það á við um árin 2009 til 2011.**

**EFNAHAGSMÁL** Fjárfesting í sjávarútvegi var um níutíu milljarðar króna frá 2001 fram til ársins 2009, að sögn Sigurgeirs Brynjars Kristgeirssonar, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Hann hafnar alfarið fullyrðingu Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar og varaformanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, um að fjárfesting í sjávarútvegi hafi nánast engin verið um langt árabil.



**SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON**

Ólína fullyrti þetta í Fréttablaðinu í fyrradag og sagði gagnrýnendur á frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu hafa farið fram úr sér í útreikningum á efnahagslegum áhrifum breytinganna sem þar eru boðaðar.

Sigurgeir Brynjar hefur tekið saman tölur um fjárfestingar byggðar á ársreikningum fyrirtækja sem voru handhafar 55 til 85 prósenta aflaheimilda á árunum 2001 til 2009, sem Sigurgeir telur gefa glögga mynd af sjávarútveginum í heild.

Fyrir hrun krónunnar var meðaltal fjárfestinga í landi og á sjó um tíu milljarðar á ári, að því gefnu að ársreikningar sem Sigurgeir hefur skoðað endurspegli greinina í heild. Það eru sjö til átta prósent af tekjum greinarinnar. Hann telur þá áætlun varfærna.

„Ef tekjurnar í fyrra eru skoðaðar, eða eftir hrun, væri eðlileg fjárfesting í greininni sextán til átján milljarðar, miðað við átta prósent af tekjum. Hins vegar er augljóst í tölunum að sú fjárfesting hrapar niður í um fjögur prósent árið 2009,“ segir Sigurgeir. „Fyrirtækin ákváðu með öðrum orðum að hætta fjárfestingum árið 2008. Þarna er ég bara að tala um fjárfestingar í fasteignum; vélum, búnaði, tækjum og skipum.“

Sigurgeir telur að eðlileg fjárfesting til viðhalds fasteigna og búnaðar sé um tíu prósent af tekjum sjávarútvegsfyrirtækis í venjulegu árferði.

**90** milljarða króna fjárfesting var í sjávarútvegi árin 2001 til 2009, að sögn framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar í Eyjum.

svavar@frettabladid.is


Netið í símanum er ódýrara en þú heldur
Venjulega kostar dagurinn aðeins 25 kr./5 MB.
Prófaðu í dag á 0 kr. ef þú ert viðskiptavinur Símans.
Síminn
Notkun á Íslandi, 100 MB innan dagsins. Greidd eru mán.gjöld skv. verðskrá.

SIEMENS
Nú eru allar **ryksugur** frá **Siemens** og **Bosch** á tilboðsverði.
Líttu inn og gerðu góð kaup!
Umboðsmenn um land allt.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




elegante
bed-linen fashion
JOOP!
McGREGOR
McGREGOR FASHION GROUP N.V.

**Rýmum til fyrir nýjum vörum.**
**30-50% afsláttur af sængurverasettum !**
**20% afsláttur af öllum nýjum settum !**

**Í rökkurró !**
Lúxus-svefngrímur í úrvali.

# Sumarið er tíminn – Láttu þér líða vel !

## Tempur Spring heilsurúm

25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

## Gravity Zero stillanlegt

25% afsláttur



Gravity Zero er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum. Rúmið er á inndraganlegum sleða, dregst að vegg. Sér höfuðstilling fyrir lestrarstöðu. Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.

## Chiro Collection heilsurúm

25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm-svæða gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.
**Verðdæmi 160x200 Kr. 199.900,-**

Farðu inn á betrabak.is hér

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



**Í HVÍTA HÚSINU** Vel fór á með Barack Obama Bandaríkjaforseta og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, eftir sameiginlegan blaðamannafund þeirra í Hvíta húsinu í Washington í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útflutningur Alcoa í Reyðarfirði á áli dróst saman milli ára en verðmætið jókst:

# Verðið hækkaði um 100 prósent

**IÐNAÐUR** Útflutningur á áli Alcoa í Reyðarfirði dróst saman um þrjú þúsund tonn í fyrra frá árinu 2009. Á sama tíma jókst verðmæti útflutningsins.

Fyrirtækið flutti út í fyrra 346 þúsund tonn af áli fyrir tæpa 790 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði í kringum níutíu milljarða íslenskra króna. Árið 2009 nam útflutningurinn hins vegar 349 þúsund tonnum og nam verðmætið tæpum sex hundruð milljónum dala, jafnvirði 74 milljörðum króna á þávirði. Í nýbirtu staðreyndaskjali Fjarðaáls um starfsemi fyrirtækisins um helstu lykiltölur um starfsemina og samfélagsleg áhrif fyrirtækisins kemur fram að heildartekjur af útflutningi áls frá landinu hafi numið um 220 milljörðum króna í fyrra. Það jafngildir fjórðungi af útflutningstekjum þjóðarinnar. Fjarðaál átti sautján prósenta hlut í heildarvöruútflutningi.

Útflutningur Fjarðaáls samanstendur af hreinu gæðaáli, álblöndu og álvírum. Heimsmarkaðsverð á áli sveiflaðist talsvert frá 2009 til 2010. Það fór úr 1.300 dölum við upphaf árs 2009 í rúma 2.300 dali ári síðar. Til samanburðar stóð álverðið í rúmum 2.500 dölum nú um mánaðamótin. - jab



**RÝNT Í ÁLIÐ** Útflutningur hjá Fjarðaáli dróst lítillega saman í fyrra miðað við árið á undan.

Úrskurður felldur úr gildi:

## Síbrotamaður látinn laus

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms sem úrskurðaði að hafði síbrotamann í gæslu til 1. júlí.**

**Maðurinn hefur hlotið dóma hér á landi fyrir þjófnaðarbrot. Þá er til rannsóknar líkamsárásarmál þar sem hann er grunaður um að hafa ráðist á mann og að hafa ásamt tveim öðrum sparkað ítrekað í höfuð fórnarlambsins. Maðurinn er af erlendu bergi brotinn en hefur dvalið hér á landi frá árinu 2008.** - jss



**SIGLT Í KRÓATÍU** Eftir að gengið var frá fiskveiðikaflanum í aðildarviðræðum Króata og ESB gæti styst í að viðræðum ljúki. NORDICPHOTOS/GETTY

Fiskveiðikafla lokað:

## ESB-viðræðum Króata að ljúka

**EVRÓPUMÁL** Fiskveiðikafla aðildarviðræðna Króata og ESB var lokað á mánudag og eru fjórir kaflar eftir. Ungverjar, núverandi forysturíki ESB, stefna að því að ljúka viðræðum innan tveggja vikna.

Eftir standa kaflar um framlagsmál, samkeppnismál, dómsmál og einn opinn kafli, um hvað eina sem út af kann að standa.

Reuters hefur eftir embættismanni að framkvæmdastjórn ESB ætli jafnvel að samþykkja að loka þessum köflum á föstudag.

Króatar hafa í viðræðunum helst áhyggjur af ríkisstyrktum skipaiðnaði sínum en ESB af spillingu á æðstu stöðum í Króatíu. - kóþ

# Börn vilja ekki taka rítalín og fólk þorir ekki út í apótek

**Formaður ADHD samtakanna segir umræðuna um misnotkun rítalíns kynda undir fordómum. Börn með ADHD vilja ekki taka lyfin sín og fólk þorir ekki út í apótek. Hún er hneyksluð á skrifum formanns SÁÁ.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn ADHD samtakanna á Íslandi harmar þá umræðu sem hefur skapast í fjölmiðlum að undanförnu um misnotkun rítalíns og annarra metýlfenídat lyfja og telja hana einhliða.

Ellen Calmon, framkvæmdastjóri samtakanna, segir fólk með ADHD (ofvirkniröskun) farið að finna fyrir auknum fordómum í sinn garð og sumir séu jafnvel hættir að þora út í apótek eftir lyfjum. Börn neiti að taka lyfin sín af ótta við að verða álitin dópistar og fíklar.

„Eitt dæmi er drengur í framhaldsskóla í borginni sem hefur nú ekki tekið lyf í tvær vikur því hann vill ekki verða dópisti. Skólinn er að fara í vaskinn hjá honum því lyfin halda honum við efnið," segir Ellen og undirstrikar að langstærsti hluti fólks noti lyfin til lækninga. Þau tilvik þar sem misnotkun á sér stað séu vissulega meira áberandi og mjög sorgleg eins og sést hefur í fjölmiðlum að undanförnu.

> Eitt dæmi er drengur í framhaldsskóla í borginni sem hefur nú ekki tekið lyf í tvær vikur því han vill ekki verða dópisti
>
> ELLEN CALMON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ADHD SAMTAKANNA

Ríkið greiddi um 550 milljónir króna í fyrra vegna rítalíns og var um helmingi lyfjanna ávísað á fullorðna. Kostnaður ríkisins vegna rítalíns hefur aukist um 70 til 100 milljónir á ári hverju undanfarin ár, eins og fram kom í harðorðri grein Gunnars Smára Egilssonar, nýs stjórnarformanns SÁÁ. Í grein sinni, sem birtist á vef SÁÁ um síðustu helgi, gagnrýnir Gunnar Smári meðal annars starfsaðferðir geðlækna hér á landi og segir greiningu á ADHD oft byggja á tæpum grunni. Hann bendir á að fyrir fjórtán árum hafi ADHD meðal fullorðinna verið nær óþekkt vandamál hér á landi en nú sé fjöldi greindra orðinn eins mikill og raun ber vitni.

Ellen undrast mjög skrif Gunnars Smára og segist hafa brugðið mikið þegar hún las greinina. „Hann segir nánast að ADHD sé hugarburður. Ég er stórhneyksluð á framburði hans," segir hún. „Geðlæknar eru líka margir hverjir gapandi yfir þessum skrifum."

Í grein í Læknablaðinu frá árinu 2005 kemur fram að talið sé að 5 til 10 prósent barna og unglinga séu með ADHD hér á landi og um 4,5 prósent fullorðinna. Ellen segir lyf vera einu opinberu úrræðin sem fullorðnir geti nýtt sér, geðlæknar og sálfræðimeðferðir kosti mikið. Þá sé úrræðum fyrir framhaldsskólanemendur með ADHD verulega ábótavant og brottfall þeirra hátt. Samtökin kalla eftir betri úrræðum frá stjórnvöldum.

sunna@frettabladid.is



**ELLEN CALMON** Formaður ADHD-samtakanna segir fjölda félaga ósátta við að lyfjunum hafi nær eingöngu verið lýst sem dópi í fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HAM – meðferð við ofvirkniröskun

Brynjar Emilsson sálfræðingur er að rannsaka ADHD meðal fullorðinna á Íslandi og kynnti fyrstu niðurstöður sínar á alþjóðlegri ráðstefnu í Berlín í maí síðastliðnum. Rannsóknin er doktorsverkefni hans við King's College í London og byggir á hugrænni atferlismeðferð (HAM) og áhrifum hennar á ADHD-sjúklinga. Þátttakendur í rannsókninni voru fyrst 54 en eru nú orðnir mun fleiri. Allir sjúklingarnir nota lyf samhliða meðferðinni, sem fer fram í litlum hópum, og Brynjar segir gefast mjög vel. Slíkt væri eitthvað fyrir stjórnvöld að skoða að fjármagna þar sem kostnaðurinn er lítill miðað við aðrar sálfræðimeðferðir.



**BRYNJAR EMILSSON**

„Við erum að vonast til þess að þessi meðferð minnki hamlandi einkenni ADHD og viljum að hún hjálpi með þunglyndi, kvíða, tilfinningastjórnun, samskiptavandamál og félagsfærni. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að hún skili árangri," segir Brynjar. Flest fylgieinkenni ADHD virðast minnka eftir að meðferð lýkur. Brynjar telur að á Íslandi séu á bilinu 9 til 12 þúsund fullorðnir einstaklingar með ADHD.







# Safnaðu! Skjóttu! Sigraðu!



**Nú fylgir Kung Fu Panda 2 þyrla með öllum seldum Lucky Charms pökkum.**

**Safnaðu öllum 8 Kung Fu þyrlunum og náðu tign Kung Fu skotmeistara.**

Lucky Charms

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 55253 06/11



**TÁRVOTUR ÞINGMAÐUR** Anthony Weiner, þingmaður New York-ríkis í Bandaríkjunum, viðurkenndi klökkur í gær að hafa sent nektarmynd af sjálfum sér til ungrar konu. Hann hafði neitað því í marga daga áður en hann hélt blaðamannafund um málið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Baldur Þórhallson rukkar Sjálfstæðisflokkinn um Evrópustefnu og EES:

# Ólýðræðislegasti samningurinn

**EVRÓPUMÁL** „EES-samningurinn er einn sá ólýðræðislegasti alþjóðasamningur sem nokkurn tíma hefur verið gerður af sjálfstæðri þjóð,“ sagði Baldur Þórhallsson, prófessor og varaþingmaður Samfylkingarinnar, á Alþingi í gær.

Baldur beindi fyrirspurn sinni til Bjarna Benediktssonar, formanns sjálfstæðismanna, og spurði hann hversu lengi flokkurinn ætlaði að sætta sig við það að íslensk stjórnvöld hafi nær enga möguleika til að hafa áhrif á þá löggjöf sem þjóðin tekur upp vegna EES-samningsins. Flokkurinn hafi forðum verið „mikilvægasti hlekkurinn í tengingu landsins við vestræna samvinnu“, sagði Baldur og bætti við: „Hvað gerðist?“

Bjarni Benediktsson svaraði engu um stefnu flokks síns, en sagði að Alþingi hefði ekki nýtt öll tækifæri EES-samstarfsins til að hafa áhrif, svo sem að taka þátt í nefndastarfi í Brussel.

Bjarni sagði að Evrópuþingið væri svo fjölmennt að Íslendingar gætu ekki haft þar áhrif sem máli skipta. Hann sagði íslenskt samfélag hafa þróast í átt til beinna lýðræðis og telur að ESB-aðild myndi færa völdin fjær fólkinu. - kóþ



**BALDUR ÞÓRHALLSSON** Varaþingmaðurinn telur Ísland geta orðið að stórveldi í sjávarútvegsmálum innan ESB. MYND/ÚR SAFNI

Lundur austan Bústaðakirkju:

# Vináttufélag vill fóstra skóg

**REYKJAVÍKURBORG** Vináttufélagið Hákon, sem hefur það markmið að vinna að viðhaldi og viðgangi skógarins við Hákonarlund hjá Bústaðakirkju, vill taka skóginn og umhverfi hans í fóstur.

Samkvæmt tillögu sem samþykkt var í hverfisráði Háleitis og Bústaða mynda félagið sinna því verki í samræmi við skilgreiningar í kaupsamningi Reykjavíkurborgar og Hákonar Guðmundssonar, fyrrverandi yfirborgardómara. Málið hefur verið sent til umhverfissviðs. - gar

VELKOMIN Á BIFRÖST

HHS - heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði



HHS undirbýr nemendur fyrir atvinnumarkað þar sem gerðar eru miklar kröfur og þróun er hröð.

Námið er einnig góður undirbúningur fyrir fjölbreytilegt framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda. Í því fléttast saman þrjár grunngreinar hug- og félagsvísinda sem oftast eru kenndar hver í sínu lagi. Með því að blanda saman aðferðum heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði verður til óvenjulegt og innihaldsríkt grunnnám sem gefur óvænt og gagnleg sjónarhorn.

Á Bifröst gefst nemendum kostur á að ljúka námi á skemmri tíma þar sem sumarnám er hluti reglulegs náms. Náminu má því ljúka á tveimur og hálfu ári.

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



**EVRÓPUÞINGIÐ** Francisco Sosa-Wagner hélt agúrkunni á lofti á Evrópuþinginu í gær og sagði nauðsynlegt að endurheimta heiður hennar. Bændur á Spáni hafa orðið fyrir 200 milljóna tapi á viku vegna E.coli-faraldursins sem nú geisar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bændur fái E.coli bætur

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í gær til 150 milljónir evra í bætur til bænda vegna E.coli-faraldursins sem nú geisar. Landbúnaðarráðherrar hittust á neyðarfundi í Lúxemborg vegna málsins.**

**ÞÝSKALAND, AP** Evrópskir bændur sem orðið hafa fyrir búsifjum vegna E.coli-bakteríunnar munu fá samtals 150 milljónir evra í styrki frá Evrópusambandinu, samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórn sambandsins.

E.coli-faraldurinn sem nú geisar hefur orðið 24 að bana auk þess sem 2.400 manns hafa veikst. Faraldurinn hefur orðið til þess að sala á grænmeti hefur hrunið, þar sem ekki er vitað í hverju og hvar faraldurinn hófst. Spánverjar hafa krafist bóta frá Þýskalandi vegna ásakana um að sökin lægi hjá spænskum agúrkum, sem reyndist ekki rétt. Spænskir ávaxta- og grænmetisútflytjendur telja að tapið sé 225 milljónir evra á viku. Á Ítalíu er rætt um 100 milljónir evra í tap, 50 milljónir í Hollandi og 30 milljónir í bæði Þýskalandi og Frakklandi. Bæturnar sem framkvæmdastjórnin lagði til eru því aðeins lítill hluti af tapinu. Landbúnaðarráðherrar ESB-ríkjanna hittust á neyðarfundi í Lúxemborg í gær og hafa ráðherrar Spánar og Frakklands báðir lýst því yfir að þeim þyki bæturnar ekki fullnægjandi. Ekki var rætt um bætur til fórnarlamba í gær, enda fundurinn um landbúnað.

Einnig var rætt um faraldurinn á Evrópuþinginu í gær. Spænski þingmaðurinn Francisco Sosa-Wagner var meðal þeirra sem tóku þátt í umræðum um málið. Þar hélt hann agúrku á lofti og sagði nauðsynlegt að endurheimta heiður agúrkunnar.

Dacian Ciolos, yfirmaður landbúnaðarmála hjá ESB, sagðist í gær vonast til þess að yfirvöld í Þýskalandi gætu greint frá uppruna bakteríunnar innan skamms. „Án svars verður erfitt að endurheimta traust neytenda, sem er nauðsynlegt til að markaðurinn nái sér á strik.“

Þá hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin sagt að finna verði uppruna faraldursins fljótt. Sérfræðingur hjá stofnuninni hefur sagt að rannsóknir Þjóðverja á málinu hafi verið handahófskenndar. Erfitt sé að komast til botns í máli sem þessu, en það sé hægt. Nú er beðið eftir niðurstöðum úr baunaspírum af lífrænu býli suður af Hamborg, en talið er að þær geti legið fyrir í dag. thorunn@frettabladid.is

# Neytendur - fákeppni rofin!



# Múrbúðin hefur sölu á timbri!

Múrbúðin sem opnaði nýja Grófvörudeild að Bakkabraut 9-11 við Kópavogshöfn sl. haust hefur nú fengið sinn fyrsta skipsfarm af hefluðu og styrkleikaflokkuðu timbri frá Finnlandi.

- Gifsplötur
- Stálstoðir
- Furukrossviður
- Birkikrossviður
- Spónaplötur
- MDF plötur
- Steinull
- Byggingatimbur
- Styrkleikaflokkað timbur
- Heflað timbur

**Sími: 517 6062**

*Við erum að Bakkabraut 9-11, Kópavogi*
*Opið virka daga kl. 08-18*




LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM




MÚRBÚÐIN GRÓFVARA

Bakkabraut 9-11, Kópavogi - Sími: 517 6062 - einar@murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lokadagar þingsins eins og lokadagar þingsins hafa ævinlega verið:

## Sandkassinn við Austurvöll

Alþingi er á leið í sumarfrí, á nokkuð skikkanlegum tíma í ár. Eins og svo oft áður einkennast síðustu dagar þingsins af þingmálaflaumi; til dæmis voru 32 mál á dagskrá þingfundar í gær.

Það vinnulag hefur verið viðhaft svo lengi sem elstu menn muna að fjölmörg mál, mörg þeirra afar mikilvæg, renna í gegnum þingið á síðustu dögum þess. Ekki er að sökum að spyrja að tími þingmanna til að leggjast yfir slík mál hlýtur að verða af skornum skammti.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Vissulega er ekki í öllum tilvikum um ný mál að ræða heldur mál sem hafa verið til umræðu fyrr í þinginu og síðan í nefndum þingsins. Einhvern veginn veldur það samt ákveðnum ónotum þegar þingið afgreiðir mál í þeim flýti sem tíðkast á síðustu dögum þings.

Starfshættir þingsins voru enda gagnrýndir harðlega í þinginu í gær. Fyrir gagnrýninni fóru stjórnarandstöðuþingmenn en stjórnarþingmaður tók undir hana. Meðal þess sem var gagnrýnt var að þingfundur var hafinn áður en sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafði lokið sínum fundi þar sem fjallað var um minna kvótafrumvarpið. Sérstaklega var einmitt tiltekið að frumvörp sjávarútvegsráðherra um fiskveiðistjórnun hefðu komið á dagskrá þingsins um tveimur mánuðum eftir að framlagningarfrestur var útrunninn, en í því tilviki er aldeilis ekki verið að tala um minniháttar mál.

Það er verulega miður að efndir núverandi meirihluta þingsins um að breyta þessum umdeildu starfsháttum séu að litlu orðnar. Þetta er þó ekki það eina sem er þinginu til vansa því menningunni þar á bæ er ábótavant á fleiri sviðum. Ævinlega vekur furðu að sjá hvernig sumir þingmenn verja tíma sínum í ræðustóli og haga orðum sínum, ekki síst þegar rætt er um stór og flókin pólitísk mál. Eiginlega er aumkunarvert að horfa upp á þingmenn grípa til þess að standa í ræðupúlti löggjafarsamkomunnar og þrasa eins og þrjóskir unglingar eða tala eins og þeir séu þátttakendur í gífuryrðakeppni, að því er virðist í þeirri sælu trú að þeir séu hnyttnir. Ekki þarf að leita lengra en í dálkinn Frá degi til dags hér í blaðinu í gær til að sjá hryggilegt dæmi um þetta.

Af þessu leiðir að virðing almennings fyrir þinginu minnkar ár frá ári. Það er ömurlegt, vegna þess að löggjafarsamkoman á að vera virðuleg stofnun sem almenningur getur borið traust til.

Í haust sem leið mældist traust til Alþingis í sögulegu lágmarki. Þá sögðust níu prósent aðspurðra bera mikið traust til Alþingis en 78 prósent lítið. Þetta er auðvitað hryggilegt en þó ekki svo undarlegt. Hvernig á þjóð að geta borið virðingu fyrir samkomu þar sem stórmál sem varða framtíð landsins sviptast í gegn með hraði á lokadögum þings og yfirbragð málstofunnar minnir á stundum meira á rifrildi í sandkassa en virðulega löggjafarsamkomu?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tíðindin gerast

Margt ber á góma á Alþingi og oft og tíðum gerast þar fréttnæmir atburðir. Það er ekki ónýtt fyrir fréttaþyrsta að fylgjast með umræðum þar og fá nýjustu atburði beint í æð.

Þeir sem fylgdust með umræðum í gærmorgun fengu ýmislegt fyrir sinn snúð. Undir umræðum um störf þingsins kom nefnilega margt merkilegt í ljós. Þar má nefna að Baldur Þórhallsson er fylgjandi Evrópusambandinu, Sjálfstæðisflokkurinn að mestu á móti, en Þorgerður



Katrín vill klára aðildarviðræður og bera undir þjóðaratkvæði. Síðan var boðið upp á endurtekið efni þegar Vigdís Hauksdóttir kynnti í þriðja sinn dagsetningu fyrir þjóðaratkvæði um það hvort halda ætti viðræðum áfram. Æsandi stöff.

### Tímanum vel varið

Að allt öðru. Á milli þess sem þingmenn hentu þessum bombum fram í umræðunni kvöddu þeir sér hljóðs og ræddu um fundarstjórn forseta. Þeir kvörtuðu margir yfir því að þeir hefðu lítinn tíma til að kynna sér mál og ræða. Orsakasamhengi?

### Af hverju ekki?

Árni Þór Sigurðsson tjáði sig um Evrópumálin og taldi það hagsmuni allra að ná sem bestum samningi, hvort sem hann yrði felldur eða ekki. Varla vilji menn vondan samning – „þannig að ef þjóðin tekur til dæmis samt sem áður ákvörðun um að samþykkja samninginn bíði hennar ekki góð framtíð.“ Þá greip óþekktur þingmaður fram í utan úr sal og hrópaði: „Af hverju ekki?“ Sá þingmaður er líklega ekki með hagsmuni þjóðarinnar ofarlega á stefnuskrá sinni.



**kolbeinn@**

## HALLDÓR




## Skóli án aðgreiningar?

Réttindi fatlaðra



Þórey Rut Jóhannesdóttir
sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Ég hef sérstakan áhuga á 9. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem fjallar um aðgengi og ferlimál. Um aðgengi fatlaðs fólks að byggingum og að allt sem hindri aðgengi þurfi að taka í burtu. Ég hef pælt mikið í aðgengi að opinberum byggingum og gert nokkrar kannanir.

Fyrir stuttu fór ég á ráðstefnuna Skóli án aðgreiningar. Hún var haldin í Skriðu, nýjum sal og nýbyggingu við HÍ í Stakkahlíð. Ég fór með vinum mínum í sendiherranáminu hjá Fjölmennt. Það er ekki ætlunin að fjalla um ráðstefnuna heldur aðgengið að henni. Þar mætti ég mörgum hindrunum.

Ég gat ekki verið samferða vinum mínum sem ég var með inn í salinn og ekki heldur setið með þeim. Það var skelfilegt og einmanalegt að þurfa að sitja ein.

Ég þurfti að nota annan inngang en aðrir í salinn. Lyftan sem ég tók á neðri hæðina var í lagi. Leiðin að Skriðu var löng og þröng. Engar merkingar. Fyrst þurfti ég að biðja um lykla að hurð til þess að komast í nýja ráðstefnusalinn. Ég þurfti að fara í gegnum bókasafn. Í leiðinni þurfti að færa til stóla. Skrifborðsstólar og myndvarpar, töflur og fleira voru hindrun á gangi sem ég þurfti að fara eftir til þess að komast í Skriðu.

> Af hverju er enn þá verið að byggja svona byggingar sem brjóta í bága við byggingareglugerðir og mannréttindi?

Á leiðinni út úr Skriðu rak ég fótinn í flygil og meiddi mig.

Ég var öskuill á leiðinni út úr háskólanum. Hann er ekki byggður fyrir fólk í hjólastólum.

Af hverju er enn þá verið að byggja svona byggingar sem brjóta í bága við byggingareglugerðir og mannréttindi?

Mig langar ekki til að lenda í svona aðstæðum aftur.

Það er mjög kaldhæðnislegt að ræða skóla án aðgreiningar í nýrri byggingu sem gerir ekki ráð fyrir fólki í hjólastólum.

Því miður eru til mörg verri dæmi en Skriða um opinberar byggingar þar sem aðgengismál eru ekki í lagi fyrir fólk í hjólastól.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nýjar áherslur í utanríkisstefnu Íslands

Utanríkismál

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Varðstaða um hagsmuni Íslands í breiðum skilningi og barátta fyrir auknum mannréttindum eru hin sígildu stef í utanríkisstefnu Íslands. Þrátt fyrir niðurskurð hefur ráðuneytið af fullum krafti sinnt fyrri klassískum verkefnum, s.s. pólitískum samskiptum við önnur ríki, þjónustu við atvinnulífið, gerð viðskiptasamninga, loftslagsáherslum Íslands, stuðningi við mannréttindi að ógleymdu Palestínuverkefninu sem nú er í deiglu. Á síðustu tveimur árum hefur líka verið hrundið í framkvæmd breyttum áherslum og nýjum verkefnum. Þetta hefur gengið mjög vel, þrátt fyrir stífan niðurskurð, einkum vegna hnitmiðaðrar mannauðsstjórnar, skapandi hreyfanleika á mannskap, skarpari forgangsröðun en mest þó líklega vegna vinnuanda í ráðuneytinu sem minnir á aflahrotur í sjómennskunni í gamla daga.

### Áhersla á samkynhneigða

Síðustu tvö ár hefur utanríkisráðuneytið sérstaklega tekið upp réttindi samkynhneigðra sem áhersluþátt um mannréttindi. Ég tók þau, einn utanríkisráðherra, upp með skýrum hætti í ræðu minni á síðasta Allsherjarþingi SÞ. Sú áhersla hefur síðan birst skýrt í starfi ráðuneytisins. Ísland tók þátt í hörðum mótmælum við stjórnvöld landa sem beitt hafa harðræði við samkynhneigða, s.s. Malaví og Úganda, krafðist náðunar þar sem dæmt var á grunni kynhneigðar, beitti sér gegn handtöku forvígismanns samkynhneigðra í einu Evrópulandanna, og gegn opinberum tálmum á Gay Pride-göngu í öðru. Ég er stoltur af því að í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis var í fyrsta skipti kafli: „Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender-einstaklinga.“

### Ný stefna um norðurslóðir

Norðurslóðir eru nú skilgreindur forgangsþáttur í utanríkisstefnunni. Hörðum höndum er nú unnið að framkvæmd ítarlegrar stefnu sem Alþingi samþykkti einróma á grundvelli tillögu minnar. Varnir gegn olíuslysum, strandríkisréttur Íslands, alþjóðleg björgunarmiðstöð, lausn deilumála gegnum Hafréttarsáttmálann, traustar reglur um hafskipatúrisma í norðurhöfum, íslensk þjónusta við norðursiglingar, og sjálfbær nýting lifandi auðlinda eru þar í forgangi. Eitt af markmiðum stefnunnar er að efla þá fræðakjarna sem vinna við rannsóknir um norðrið. Þau verða markvisst styrkt með tvíhliða samningum sem ég hef þegar rætt við utanríkisráðherra Bandaríkjanna og Noregs og eru á dagskrá fundar sem utanríkisráðherra Rússa hefur boðið til, og sömuleiðis í viðræðum við kanadíska ráðherra í þessari viku og í kjölfarið fyrirhugaðri heimsókn til Kanada. Ég tel að Íslendingar verði að eignast Norðurskautsstofnun, og tvíhliða samningar við þjóðir norðurhvelsins leggja í það púkk.

> Ég tel að Íslendingar verði að eignast Norðurskautsstofnun, og tvíhliða samningar við þjóðir norðurhvelsins leggja í það púkk.

### Langtímastefna um þróunaraðstoð

Í fyrsta sinn var í vetur lagt fram af utanríkisráðherra Íslands þingmál um þróunarsamvinnu með tímasettum áföngum um að ná árið 2020 markmiði Sameinuðu þjóðanna um að veita 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar. Við erum meðal ríkustu þjóða heims og höfum skyldur til að taka þátt í að draga úr hungri og barnadauða og hjálpa hinum fátækustu til að hjálpa sér sjálfir. Það gildir ekki síst á sviðum þar sem Ísland hefur einstaka reynslu og þekkingu að bjóða, s.s. í sjávarútvegi og endurnýjanlegri orku.

### Fyrsta þjóðaröryggisstefnan

Í framhaldi af niðurlagningu Varnarmálastofnunar er fyrsta þjóðaröryggisstefna Íslands nú í undirbúningi. Ég hef lagt fyrir Alþingi tillögu um þverpólitíska mótun hennar með aðkomu allra flokka. Hún tekur mið af gjörbreyttum aðstæðum í okkar heimshluta, herleysi Íslands, og að öryggi Íslendinga verði tryggt á grunni borgaralegra gilda og borgaralegra stofnana í virkri samvinnu við önnur ríki. Hernaðarógn fyrri tíma er ekki lengur til staðar og það gefur okkur færi á að brjóta endanlega af okkur klakabönd kalda stríðsins. Ég efast ekki um að Alþingi getur náð breiðri sátt um grundvallaráherslur nýrrar þjóðaröryggisstefnu.

### Sögulegir Evrópusamningar

Sögulegasta nýmælið sem ég hef flutt á 20 ára ferli er þó tillagan sem Alþingi samþykkti um að gjörbreyta utanríkisstefnunni með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja niðurstöður samninganna undir dóm þjóðarinnar. Það snýst um að bæta lífskjör og tryggja fullveldi og öryggi þjóðarinnar. Þetta er stærsta verkefni utanríkisráðuneytisins fyrr og síðar. Alþingi lagði niður rauðu strikin, og við, þjónar almennings í ráðuneytinu, höfum í hvívetna gætt þess að vinna málið í fullu samræmi við ítarlegan vegvísi Alþingis, og þar með hagsmuni Íslendinga. Virk og breið þátttaka fjölmargra hagsmunasamtaka hefur tryggt aðkomu ólíkra sjónarmiða. Ég hef gætt þess að hafa ferlið eins gagnsætt og unnt er. Hvert skref hefur verið kynnt og útskýrt fyrir utanríkismálanefnd, eða starfshópi hennar um Evrópumál. Óskum fagnefnda þingsins og þingflokka um yfirferðir um tiltekna málaflokka er jafnóðum sinnt. Öll gögn eru lögð út á Netið um leið og íslenskir hagsmunir leyfa.

Nú er að ljúka svokallaðri rýnivinnu þar sem skilgreindir eru þeir þættir sem um þarf að semja. Samningarnir sjálfir hefjast síðar í þessum mánuði. Þá verða söguleg kaflaskipti í umsóknarferlinu. Athyglisvert er hversu sterkur meirihluti þjóðarinnar hefur ítrekað lýst í könnunum að hún vill ljúka samningunum og fá sjálf að taka endanlega afstöðu í þjóðaratkvæði. Sá réttur verður ekki frá þjóðinni tekinn, enda núorðið fáir sem fyrir því mæla ef undan eru skildir nokkrir af glæstustu fulltrúum gamla Íslands.

### Palestínuverkefnið

Ég hef lýst skýrum stuðningi við sjálfstæði Palestínu miðað við landamærin frá 1967, andstöðu við ofbeldi, og nauðsyn á samkomulagi sem byggir á tveggja ríkja lausninni. Kaflaskipti urðu í síðasta mánuði þegar Palestína reif sig úr læstri stöðu og Hamas og Fatah ákváðu að styðja sameiginlega embættismannastjórn. Ég hef sjálfur átt í viðræðum við utanríkisráðherra Palestínu, Riad Al-Malki, um hvernig Ísland geti best stutt við sjálfstæðisbaráttu Palestínumanna. Ýmsir möguleikar eru á því. Við höfum frá upphafi þessarar stjórnar unnið þétt að Palestínumálinu. Til að mynda sendi ég mína fulltrúa í síðustu viku til Ramallah sem ræddu við utanríkisráðherrann þar, leiðtoga samningateymisins, aðra fulltrúa palestínsku heimastjórnarinnar og alþjóðaliðið um mögulegan framgang. Engar ákvarðanir verða teknar fyrr en eftir lögbundið samráð við utanríkismálanefnd Alþingis sem hefur sýnt málinu verðskuldaðan áhuga. Hitt er ljóst, að íslensku ríkisstjórnina þarf ekki að lemja til ásta í því máli.

Lóðaverð í Hafnarfirði

Fimmtudaginn 9. júní kl. 11:30 – 13:00
í Haukahúsinu Ásvöllum

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði býður iðnmeisturum í byggingariðnaði til umræðufundar um mannvirkjageirann í Hafnarfirði.

Dagskrá:

Mannvirkjagerð og lóðaverð í Hafnarfirði
Eyjólfur Sæmundsson, bæjarfulltrúi Hafnarfjarðabæjar

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði
Friðrik Ólafsson, SI

Gæðakerfi Samtaka iðnaðarins
Ferdinand Hansen, gæðastjóri SI

Fundarstjóri: Ágúst Pétursson, formaður MIH

Fundurinn er opinn öllum iðnmeisturum

Samtök iðnaðarins - www.si.is

Frábær kaup

Eximo 2011 hjólhýsi á einstöku verði!



Eximo 370
Verð: 2.398.000kr

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Mjög gott verð.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 91 Lítra ísskápur.
- Gasmiðstöð m/ Ultra heat (rafm. hitun)
- Litaðar rúður
- 12 og 220 Volta rafkerfi.











Eximo 520B
Verð: 2.998.000kr

Eximo 520L
Verð: 2.998.000kr

Eximo 460
Verð: 2.798.000kr

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fosshals 5-7 I 110 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn

# Frá leikskólakennara

Menntamál



Steinunn Sigurgeirsdóttir
leikskólakennari

Ég er leikskólakennari í Kópavogi og ég er með tveggja ára gömul börn á deild.

Í vinnunni minni eru verðandi verkfræðingar, augnlæknar, sjómenn, matráðar, prófessorar, einkaþjálfarar, snyrtifræðingar og svo mætti lengi telja. Í vinnunni minni fá þau umönnun, umhyggju, fræðslu og þann fróðleik sem þau nýta sér svo til að taka þátt í lífinu. Þau eru nú þegar byrjuð að taka þátt í þjóðfélaginu sem yngstu þegnar þess og við leikskólakennarar stöndum vörð um þessi börn, þeirra þátttöku og þeirra rétt.

Ég er sérfræðingur í því að vinna með börn, ég vinn með félagsþroska, félagsfærni, greiningar á þroska og hegðun, hreyfigetu og síðast en ekki síst almenna vellíðan, siðferðisvit og kærleika. Ég er tengiliður við aðra sérfræðinga svo sem sálfræðinga, talmeinafræðinga, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa. Ég vinn með helstu sérfræðingum barnanna sem eru foreldrar þeirra og í sameiningu vinnum við með lítinn einstakling sem er að læra á lífið.

Fyrir 8 tíma vinnu fæ ég 190.000 krónur útborgaðar á mánuði. Eftir 3 ár í háskólanámi, 4 ár í vinnu og 29 ára lífaldur. Ég get ekki unnið mér inn yfirvinnu því það er verið að spara. Ég sit alla fundi í vinnutímanum og vinn undirbúninginn minn stundum heima því það er ekki alltaf nægur tími eða aðstæður til að gera allt sem þarf að gera.

Deildarstjórinn minn er orðin fertug og hækkar ekki meira í launum því í okkar kjarasamningum eru engar launahækkanir eftir fertugt. Þar sem hún er deildarstjóri nú þegar er því enginn möguleiki fyrir hana að fá nokkur hlunnindi eða hækka í launum – hún er bara fertug!

> Ég er tengiliður við aðra sérfræðinga svo sem sálfræðinga, talmeinafræðinga, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa.

Samstarfskona mín sem er leiðbeinandi fær 140.000 krónur útborgaðar fyrir 80% vinnu og öll þau námskeið sem hún getur mögulega tekið. Þar sem hún er einstæð með tvö börn þá borgar það sig ekki fyrir hana að vinna meira því þá fer það allt í skattinn og hún þarf að borga meira í vistun fyrir börnin. Hún er næstum því að borga með sér því það væri hagstæðara fyrir hana að vera á atvinnuleysisbótum og vera heima þegar börnin eru búin í skólanum.

Ég er leikskólakennari og er stolt af því en mikið væri ég til í að vera metin að verðleikum og fá borgað í samræmi við þá vinnu sem ég vinn. Kjarasamningar við leikskólakennara eru lausir og búnir að vera það síðan 2009, kosið verður um verkfall á næstu vikum.

# Opið bréf til Gunnars Smára Egilssonar, formanns SÁÁ

ADHD og fíknisjúkdómar



Sigurður Örn Hektorsson
geðlæknir á fíknigeðdeild Landspítalans

Sæll, Gunnar Smári.

Þú ferð mikinn í grein þinni í helgarblaði Fréttablaðsins og vefsíðu SÁÁ, þar sem þú kýst að sneiða að íslenskum geðlæknum, er þú jafnar þeim við brottrekna starfsmenn Byrgisins og Götusmiðjunnar. Þá er æði grunnt á fordómum þínum gagnvart ADHD-sjúklingum. Þarna hættir þú þér allnokkuð á hálan ís, því skrif þín bera ekki vitni um teljandi þekkingu á málefninu. Og ég vona að þú haldir ekki að þú talir fyrir hönd hinna ágætu, reynslumiklu og vel menntuðu lækna á Vogi, því málið er talsvert flóknara en þú stillir því upp.

Auk þess að vera geðlæknir á fíknigeðdeild LSH, með bandarískt sérfræðipróf í fíknisjúkdómum, þá starfa ég einnig á geðlæknastofu – og sinni þar meðal annars ADHD-sjúklingum – auk fjölda fólks með fíknisjúkdóma – virka og óvirka – rétt eins og þorri geðlækna gerir að meira eða minna leyti. Ég tel mig því hafa allgóða þekkingu bæði á fíknisjúkdómum og ADHD-sjúkdómnum, enda stunda ég sjúklinga í báðum þessum hópum.

Um tilvist ADHD sem sjúkdóms efast fæstir sérfræðingar lengur, og vart mikið meira en um tilvist fíknar sem sjúkdóms. Er greining ADHD sem sjúkdóms alls ekki jafnumdeild og þú heldur fram, fremur en fíknisjúkdómsgreiningin. Velmenntaðir læknar á sviði fíknar og/eða ADHD vita að hvort tveggja er sjúkdómur með sterkan erfðaþátt. Um það vitnar aragrúi vísindalegra heimilda, sem þú þyrftir að skoða áður en þú fullyrðir út í bláinn um greiningu og meðferð ADHD, bæði hjá börnum og fullorðnum. Þér til málsbóta fór formaður Læknafélags Íslands reyndar ekki alls kostar með rétt mál í Kastljósi um skilning sérfræðilækna á ADHD fullorðinna, enda átti viðtalið ekki fyrst og fremst að snúast um sérþekkingu formannsins á ADHD-sjúkdómi og meðferð.

Hefur þú áreiðanlegar heimildir fyrir því að árangur í kjörmeðferð við ADHD sé lakari en árangur í kjörmeðferð fíknisjúkdóma? Ef svo er, sýndu okkur þær heimildir. Í báðum tilvikum sýna rannsóknir okkur að árangur meðferðar er raunar ekkert síðri en við aðra langvinna sjúkdóma, s.s. háþrýsting eða sykursýki.

> Fjölmargir þeirra sjúklinga sem nú eru til meðferðar hjá SÁÁ þjást af ADHD, svo dæmi sé tekið, en hafa aldrei fengið tilhlýðilega meðferð við þeim sjúkdómi – og fá hana jafnvel aldrei – meðal annars vegna fordóma.

Barátta SÁÁ gegn fordómum í garð áfengissjúkra og annarra fíkla er lofsverð – fyrr og síðar. En gáðu að því að fíknisjúkdómar eru algengari meðal ADHD-sjúklinga. Það má líka segja að margir með fíknisjúkdóma hafi þróað þá með sér einmitt vegna ADHD-sjúkdómsins. Nýlegar rannsóknir benda til þess að ADHD sé sjálfstæður áhættuþáttur í þróun fíknisjúkdóma. Því fyrr sem ADHD er tekinn til meðferðar, m.a. með lyfjum, og helst á barnsaldri, þeim mun síður þróa ungmenni með sér fíkn, að því nú er talið. Meðferð þeirra sjúklinga sem glíma við báða sjúkdómana er afar erfið. Fíknimeðferð þeirra er nauðsynleg og hefur oftast forgang – en því miður er hún ekki nægileg. Þeir þurfa líka meðferð við ADHD, meðal annars lyfjameðferð.

Hvernig sprautufíklar og dópsalar færa sér metýlfenídat (einkum Ritalin) í nyt sem dóp – með umbreytingu gagnlegs lyfs í eiturlyf – er sorglegri staðreynd en tárum tekur, sem við öll viljum uppræta – með öllum tiltækum ráðum. Vonandi eru stjórnvöld raunverulega reiðubúin til að kosta þeim fjármunum sem þarf í þá baráttu sem framundan er næstu vikur og mánuði – einkum með hertu eftirliti landlæknis og endurbótum á lyfjagagnagrunni.

En sem betur fer eru þeir miklu fleiri sem njóta verulegs gagns og bata af meðferð við ADHD með metýlfenídati (Ritalini), án þess að misnota þetta vandmeðfarna en árangursríka lyf.

Við megum heldur ekki missa sjónar á stóra fíknivandanum í heild sinni og fylgifiskum hans. Þótt aðgengi sprautufíkla að metýlfenídati (Ritalini) sé stóralvarlegt mál, þarf líka að leita svara við því hvers vegna kornungt fólk á Íslandi verður yfirhöfuð sprautufíklar – hvert svo sem eiturlyfið er. Þar kemur margt til. Fjölmargir þeirra sjúklinga sem nú eru til meðferðar hjá SÁÁ þjást af ADHD, svo dæmi sé tekið, en hafa aldrei fengið tilhlýðilega meðferð við þeim sjúkdómi – og fá hana jafnvel aldrei – meðal annars vegna fordóma. Fordómar í garð þeirra hjálpa ekki – og síst þegar þeir koma frá jafnvirtri meðferðarstofnun og SÁÁ.

Þú sérð ofsjónum yfir lyfjakostnaði við meðferð ADHD-barna og -fullorðinna. Vera má að metýlfenidati sé ávísað meira en góðu hófi gegnir á Íslandi – um það má deila. Langvirku lyfjaformin Ritalin Uno og Concerta eru mjög dýr (rétt eins og forðalyfið sem er til prófunar hjá SÁÁ við amfetamínfíkn – sem einnig er notað við áfengisfíkn). En til meðferðar fíknisjúkdóma á Íslandi er þrátt fyrir allt líka miklu til kostað – enda seint of vel gert – þótt nú í kreppu sé skorið við nögl. Ekki teljast þar einasta fjárframlög skattborgaranna til SÁÁ og LSH, því umfram þau hafa landsmenn sem betur fer tíðum verið rausnarlegir í fjáröflunarherferðum SÁÁ. Hvort sá kostnaður samanlagður er meiri eða minni en kostnaður við meðferð ADHD barna og fullorðinna læt ég ósagt, enda þjónar slíkur metingur engum tilgangi.

Að lokum: Hvernig þú ræðst opinberlega að Grétari Sigurbergssyni geðlækni finnst mér ósmekkleg, ómakleg og hrokafull nálgun. Þar nánast hæðist þú að sjúklingum hans og ADHD-samtökunum. Grétar er frumkvöðull á Íslandi í meðferð ADHD-sjúklinga. ADHD-sjúklingar sem eru og hafa verið til meðferðar hjá honum undanfarna áratugi skipta hundruðum ef ekki þúsundum. Án efa þakka honum fjölmargir þeirra skilning hans á sjúkdómnum, bata og árangur. Eðli málsins samkvæmt er ugglaust einnig við því að búast að einhverjir þeirra hafi orðið fíkninni að bráð, eins og vikið var að hér að framan. Er það því miður oft eðli þeirra sjúkdóma sem hér um ræðir og fara tíðum saman.

Vona ég innilega að þeir fordómar, sem gegnsýra grein þína, séu ekki það sem koma skal úr ranni nýkjörins formanns SÁÁ – heldur eigir þú eftir að sjóast betur í þeim ólgusjó sem hér er til umræðu.




Stjórnarskrá lýðveldisins varðar okkur öll

Fylgist með störfum Stjórnlagaráðs og hafið áhrif á endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins.
Bein útsending frá sameiginlegum fundi ráðsins er á hverjum fimmtudegi kl. 13 á vefsíðu ráðsins:
**www.stjornlagarad.is.** Fundirnir eru opnir almenningi. Öll gögn ráðsins má finna á vefsíðunni.

Vefslóð Stjórnlagaráðs: www.stjornlagarad.is

Þjóð til þings
Stjórnlagaráð 2011

Stjórnlagaráð, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík - sími: 422-4400 - netfang: skrifstofa@stjornlagarad.is - vefslóð: www.stjornlagarad.is




## KAUPAUKI
### MEÐ PALLAEFNINU!

Þegar þú kaupir pallaefni hjá okkur að upphæð 100 þúsund eða meira færð þú Black&Decker 12V hleðsluborvél frítt með.

Gildir út júní eða meðan birgðir endast!

# BORVÉLIN FYLGIR MEÐ!

## SVONA FÆRÐU TILBOÐ Í PALLINN

Sérfræðingar okkar í Timburmiðstöðinni Grafarholti, Skútuvogi og verslunum um land allt hjálpa þér að finna bestu lausnina á lægra verði

**- það er ekkert mál að smíða pallinn með okkur!**

1. Þú kemur til okkar með teikningar eða þínar hugmyndir
2. Við hjálpum þér að efnistaka og útfæra pallinn og mæta þínum þörfum um verð og gæði
3. Þú sækir efnið eða við sendum þér það heim að dyrum.






## HÚSASMIÐJUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

HÚSASMIÐJAN

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR KAMBAN** (1888-1945) skáld fæddist þennan dag.

*„Maður getur einungis orðið sæll með því að breyta alltaf og í öllum efnum eftir samvisku sinni.“*



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Sverrir Ragnar Bjarnason**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, laugardaginn 28. maí. Útförin verður gerð frá Háteigskirkju fimmtudaginn 9. júní kl. 13.00.

**Steinunn Árnadóttir**
**Guðrún Sverrisdóttir**
**Bjarni Sverrisson** **Hanna María Oddsteinsdóttir**
**Árni Sverrisson**
**Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir** **Hrólfur Jónsson**
**Gunnar Sverrisson** **Karen Bergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar elskulegi bróðir, mágur, frændi og kæri vinur*

**Reynir Arnar Eiríksson**
Hjaltabakka 8,

lést á líknardeild Landspítalans þann 3. júní sl. Útför hans fer fram frá Seljakirkju í Breiðholti, þann 10. júní kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

**Ágúst G. Eiríksson** **Ingveldur Valdimarsdóttir**
**Guðmundur I. Eiríksson** **Þorgerður Arnórsdóttir**
**Bræðrabörn**
**Linda S. Birgisdóttir**
**Brynja B. Birgisdóttir**
**Birgir F. Birgisson**



†

*Einlægar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýju og vinarhug við andlát og útför elskulegs sonar okkar, bróður, barnabarns, frænda og vinar*

**Alberts Karls Sigurðssonar**
Tunguvegi 7, Njarðvík.

**Margrét Sanders** **Sigurður Guðnason**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Sylvía Sigurðardóttir** **Guðni Róbertsson**
**Sigríður Sigurjónsdóttir** **Guðni Sigurðsson**
**Kolbrún Jóna Færseth**
**og aðrir ættingjar og vinir**



†

*Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Fríða Sigríður Magnúsdóttir**
Grænuhlíð 3, Reykjavík,

lést á Tenerife þann 4. júní sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ólafur R. Karlsson**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Jón Þór Gunnarsson**
**Fríða Ólöf Ólafsdóttir** **Skúli Gunnarsson**
**Ólafur Karl Ólafsson** **Lena Friis Vestergaard**
**Anna María Ólafsdóttir** **Heimir Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr granítí, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



**HREYFING MIKILVÆG** Sigurður P. Sigmundsson segir að vísindarannsóknir bendi til að hreyfing skipti miklu máli í baráttunni við krabbamein. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HEILSUHLAUPIÐ: HALDIÐ Í TUTTUGASTA SINN

# Hvetja til heilbrigðis

Í tilefni sextíu ára afmælis Krabbameinsfélags Íslands verður Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins haldið í tuttugasta sinn í dag. „Hlaupið var haldið fyrst árið 1988 en hefur legið niðri frá árinu 2006, þegar það var haldið í nítjánda sinn,“ segir Sigurður P. Sigmundsson, hlaupstjóri og stjórnarmaður Krabbameinsfélagsins.

Krabbameinsfélagið var stofnað 27. júní árið 1951 og fá þeir sem fæddir eru stofnárið frítt í Heilsuhlaupið. „Við vildum hafa eitthvað sniðugt í þessu og vonum að margir sextugir láti sjá sig.“

Þegar Heilsuhlaupið var haldið fyrst voru að sögn Sigurðar færri hlaup á ári hverju en nú. Markmið hlaupsins var að hvetja til heilbrigðis og hollustu. Sigurður segir að hlaupið hafi verið orðið mjög fjölmennt í kringum aldamótin. „Þá voru þátttakendur í hverju hlaupi orðnir yfir þúsund og það fór fram víða um land. Svo datt það niður árið 2006 en ástæðan var sú að offramboð varð af almenningshlaupum.“

Krabbameinsfélagið vekur enn athygli á mikilvægi hreyfingar og heilbrigðis. „Rannsóknir sýnt að hreyfing skiptir miklu máli í baráttunni við krabbamein,“ upplýsir Sigurður en tvær vegalengdir verða í hlaupinu, þriggja kílómetra skemmtiskokk og tíu kílómetra hlaup. „Í þriggja kílómetra skokkinu er farið frá Skógarhlíðinni í áttina að Nauthólsvík og til baka,“ útskýrir Sigurður „En í tíu kílómetrunum er farið frá Skógarhlíð í Nauthólsvík, fyrir flugvöllinn og út að Ægisíðu, þar sem snúið er við.“

Skráning stendur yfir hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð til klukkan 18. Hlaupið hefst klukkan 19. **martaf@frettabladid.is**



†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Guðríður Helgadóttir**
Snorrabraut 56, áður Þórólfsgötu 8, Borgarnesi,

sem lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 1. júní, verður jarðsungin frá Grensáskirkju fimmtudaginn 9. júní kl. 13.00.

**Guðrún Gestsdóttir** **Viðar Þorsteinsson**
**Sigurlaug Gestsdóttir**
**Fanney Gestsdóttir** **Páll Pálmason**
**Kristján Gestsson**
**Heiða Gestsdóttir** **Jón Kári Jónsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jónsdóttir**
Lerkigrund 7, Akranesi,

lést þann 3. júní sl. á Sjúkrahúsi Akraness. Jarðarför hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 10. júní kl. 14. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið á Akranesi (í Módel).

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Birgir Engilbertsson.**



†

*Móðir okkar,*

**Ragnhildur Sigurðardóttir**
frá Sólheimakoti í Mýrdal,

lést á dvalarheimilinu Lundi á Helli að morgni 5. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ragnhildur Guðrún Bogadóttir**
**Sigrún Gerður Bogadóttir**
**Ragnheiður Bogadóttir**
**Geirþrúður Fanney Bogadóttir.**



†

*Ástkær faðir okkar, afi og langafi,*

**Eysteinn Guðmundsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 2. júní, uppstigningardag. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 10. júní kl. 15.00.

**Erlendur Eysteinsson**
**Ívar Eysteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Vefsíðan triptrotting.com** er sniðug fyrir fólk á leið til útlanda. Þar er hægt að komast í samband við fólk af svipuðu reki með svipuð áhugamál á áfangastað og mynda þannig vinatengsl við heimamenn áður en haldið er af stað.

**Elvar Þór Karlsson er nýkominn heim frá Bretlandi eftir sögulegan árangur í Evrópukeppni í CrossFit.**



# Stimplaði sig inn á heimsleikana

MYND/DAÐI HRAFN SVEINBJARNARSON.

Elvar Þór Karlsson er einn þriggja evrópskra karla sem um síðustu helgi tryggðu sér þátttökurétt á heimsleikunum í CrossFit sem fram fara í Bandaríkjunum í næsta mánuði. „Finnar urðu í 1. og 2. sæti en ég keppti um þriðja sætið við tvo Dani og það varð ekki ljóst fyrr en á síðustu sekúndu að ég kæmist áfram," segir Elvar Þór sem strax daginn eftir heimkomu af Evrópumóti í Bolton í Bretlandi er byrjaður að þjálfa bæði sig og aðra í CrossFit.

CrossFit snýst um strangar æfingar í mörgum greinum, svo sem hlaupi, armbeygjum, róðri, upphífingum, sippi, hnébeygjum með þyngd fyrir ofan höfuð og ketilbjöllusveiflum.

„Af 800 manns sem tóku þátt í undankeppni komust 60 karlar, 60 konur og 30 lið á Evrópukeppnina í Bolton, sem er rétt við Manchester. Þrír karlar, þrjár konur og þrjú sterkustu liðin komast svo á heimsleikana og þar eiga Íslendingar einn karl, tvær konur og tvö lið," lýsir Elvar Þór. Sjálfur er hann karlinn, konurnar eru Annie Mist Þórisdóttir og Helga Torfadóttir og liðin eru frá CrossFit Sport og Crossfit BC. Síðarnefndu þjálfunarstöðina eiga þau Elvar Þór og Annie.

Elvar Þór lenti í stressi þegar hann var að leggja af stað út. „Ég fann ekki vegabréfið og komst ekki með hópnum. Því var bjargað með góðra manna hjálp og ég flaug á síðustu stundu, varð að keyra frá London til Manchester og náði að leggja mig í þrjá tíma fyrir keppnina. Þetta stóð allt glöggt en fór vel að lokum."

*gun@frettabladid.is*














**Hótel KEA á Akureyri** er orðið stærsta fjögurra stjörnu hótelið utan Reykjavíkur, eftir nýlegar breytingar. Nýjum herbergjum var bætt við á jarðhæð og eru þau nú alls 104.


**Rafstilling ehf**

Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991


Hótel á borð við Holiday Inn og Marriott í Bandaríkjunum hafa mörg hver losað sig við baðkerin og sett upp sturtur. Ástæðan er sú að ferðamenn, sérstaklega viðskiptaferðalangar, kjósa frekar snögga sturtu en langt bað þegar þeir gista á hótelum.



www.turisti.is



Þór, Egill og Gunnar Már við rallbílinn Peugeot 306, sem þeir kalla MudMobile og bílaleigan Cheap Jeep styrkir til ferðarinnar. Eitt skilyrða fyrir þátttöku í Mongólíurallinu er að bílarnir séu hannaðir fyrir ömmur til að skjótast á út í búð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Yfir regnbogann

**Þrír vaskir listamenn ætla að flengjast á gömlum Peugeot þvert yfir hrjóstrug og ókunn einskismannslönd Mið-Asíu til að safna fé fyrir munaðarleysingja og rétt brotinnar æsku í mögnuðu Mongólíurallinu.**

„Ég er uppfullur af spenningi og get ekki beðið eftir brottfarardegi, þótt ég eigi pottþétt eftir að gráta úr mér augun við landganginn á Norrænu þegar ég kveð ársgamlan son minn,“ segir myndlistarmaðurinn og rallkappinn Gunnar Már Pétursson, sem 25. júlí næstkomandi stígur bensínið í botn frá strætum Prag í átt til Úlan Bator, höfuðborgar Mongólíu. Með Gunnari í för verða myndlistarmennirnir Egill Kalevi Karlsson og Þór Sigurþórsson, sem saman kalla sig Mud-Lab í tengslum við þátttöku í Mongólíurallinu þar sem þeir safna fé fyrir Unicef og Barnahjálp Christinu Noble.

„Rallið er ómótstæðileg blanda hrikalegrar ævintýramennsku og fjársöfnunar til góðgerðarmála. Við starfrækjum vinnustofu í bílnum og sláum upp sýningum á óhefðbundnum stöðum eins og í einskismannslöndum á milli landamæra,“ segir Gunnar.

Mongólíurallið er bresk uppfinning og nú haldið í áttunda sinn. Fyrsta árið lögðu af stað fjórir bílar en nú taka yfir 450 lið þátt.

„Leiðin frá Prag til Mongólíu er hverju liði frjáls. Við völdum lengstu leiðina því okkur þykir vonlaust að nota ekki tækifærið til að skoða lönd Mið-Asíu. Flest eru þau Íslendingum framandi en okkur skilst að ferðalög þar um slóðir séu ekki eins háskaleg og oft áður, þótt sumir vegir séu illfærir og flest landamæri alræmd smyglsvæði, hvort sem varningurinn er eiturlyf, fálkar eða fólk. Þá þykir öruggara að taka með leiðsögumann yfir einn hæsta þjóðveg heims, þar sem óprúttnir heimta háa vegtolla,“ segir Gunnar, sem áætlar fimm vikur til keyrslu yfir 18.000 kílómetra, en á leiðarenda er fararskjótinn skilinn eftir til uppboðs eða gjafar til góðgerðasamtaka.

Þeir félagar þjófstarta rallinu heima á Íslandi en þaðan liggur leiðin til Danmerkur, Þýskalands, Tékklands, Austurríkis, hluta gömlu Júgóslavíu, Grikklands, Tyrklands, Georgíu, Armeníu, Írans, Túrkmenistans, Úsbekistans, Tadsjíkistans, Kirgisistans, Kasakstan, Rússlands og Mongólíu, en heim fljúga þeir frá Kína.

„Við verðum með öfluga tökuvél meðferðis og festum á filmu allt það óútreiknanlega sem getur gerst, um leið og við drekkum í okkur innblástur á ferð um þennan regnboga ólíkra siða, menningar og landslags. Það verður spennandi að sjá hvernig umhverfið breytist.“

Áhugasömum styrktaraðilum er bent á mud-lab.com og Mud-Lab á Facebook. thordis@frettabladid.is


**Geymslu- og dekkjahillur**



kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

**Ísold ehf.**
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00



**ÍSLENSKT KISUNAMMI**

Harðfisktöflur sem kisur elska

VINSÆL VARA



Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



**Afleysingamenn leigubílstjóra**

**Námskeið**

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir námskeiði fyrir afleysingamenn leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd **dagana 14. til 16. júní n.k.**
Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi **10. júní** til Ökuskólans í Mjódd í síma **567-0300**
**Næsta námskeið verður í september 2011**

VEGAGERÐIN

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD



**ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS ?**



Tilboð á rafgeymum

Tilboð á hleðslutækjum





- Mælum rafgeyminn
- Mælum virkni á sólarsellu
- Mælum útleiðslu
- Veitum ráðgjöf

Traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

TUDOR

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is · Opið frá kl. 8:15 - 17:30



**LEIÐSÖGUNÁM**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Studst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI



Saab 9-3 Linear I, 01/2006 Ekinn 63þús. Bsk 5gíra, Ný tímareim, vatnsdæla og strekkjari. Einn eigandi. Fallegur bíll. Ásett Verð 1.890.000.- Athuga skipti á ódýrari



Chevrolet Lacetti Station, 03/2005 Ekinn 59þús. Bsk 5gíra, Álfelgur, Dráttarkrókur. Fínt eintak. Ásett Verð 1.290.000.-



Toyota Rav4 2wd VVTi, 07/2003 EKinn 85þús. Bsk 5gíra, Dráttarkrókur, Ásett Verð 1.290.000.- Athuga skipti á ódýrari



Toyota Land Cruiser 120 GX Diesel Turbo, 08/2005 Ekinn 140þús. Ssk, 8manna. Ásett TILBOÐSVERÐ 3.890.000.-



VORTEX Heithúðun á alltar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**Bílamarkaðurinn**



VANGUARD Yearling 4100.Árgerð 2005, fortjald.svefntjöld, 2.rafgeimar,tvloftnet. upphækað . Verð 1.390.000. Rnr.220962.



SAURIUM Saurium ( ægisvagn) m/ fortjaldi. Árgerð 2006, ekinn Verð 650.000. Rnr.250288.



HYUNDAI Tucson 4x4. Árgerð 2006, ekinn 69 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. tilboð 1690 þús Rnr.102499.



BMW 6 645 ci. Árgerð 2004, ekinn 73 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.900.000. Rnr.250346.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**Bílalíf**



**Húsbíll með öllu**
CHEVROLET K3500 SILVERADO 4WD 35". Árgerð 2008, ekinn aðeins 8.þ km, bensín, sjálfskiptur,svefnpláss fyrir 4,wc,sturta,heitt og kalt vatn,sjónvarp,eldavél,loftpúðar og margt fleira. Verð 15.400.000. Rnr.244154.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Klettháls 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN**



HYUNDAI Terracan glx „35. Árgerð 2006, ekinn 97 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.680.000. Rnr.216691.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



M.Benz G55 AMG Árgerð 10/2005, ekinn 63þ.km, einn með ÖLLU. Hrikalega flottur bíll sem er á staðnum hjá okkur! Verð 9.900.000kr. Raðnúmer 151601. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**HÖFÐABÍLAR**
**... þar sem bílar seljast**



COACHMEN Clipper sport 108st 10ft. Árgerð 2008 Verð 1.950þ.lán 1300þ afb 34þ Flottur vagn Rnr.153571. Er uppsettur í sal.



MAZDA 3 turbo. NÝSKOÐAÐUR, ekinn 57 Þ.KM, bensín, 5 gírar. MIKIÐ BREITTUR BÍLL Verð 2.990. þús Rnr.129314. Óskum eftir fleiri ferðavögnum á söluskrá okkar og á staðinn



KAWASAKI Kx 450 d. Árg. 2006, ekinn 60 VINNUST., bensín, 5 gírar. TILBOÐSVERÐ 390. þús GULLFALLEGT HJÓL Á FÁRANLEGA GÓÐU VERÐI Rnr.152514.



VW Polo comfortline. Árgerð 2006, ekinn 66 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.290þ Möguleiki á 70% láni í 36-48 mánuði Rnr.170311.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir ferðavögnum á söluskrá okkar og á staðinn.**
**www.hofdabilar.is**

**Lykil bílar ehf. bílasala**



Fiat Ducato PLA S 701 Nýir bílar, ýmsar gerðir í boði Sjón er sögu ríkari. komdu í reynsluakstur Erum í samningsskapi í dag.

**Lykilbílar bílasala ehf**
**Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 7700**
**www.lykilbilar.is**

**100bílar.is bílasala**
**Vantar á skrá!!**



**100bilar.is**

HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Mikið af vögnum á staðnum, Sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Combi Camp Venezia '01 til sölu ásamt fortjaldi. Nýskoðaður og í mjög góðu standi. Tilboð óskast. Nánari uppl. í s. 822 4718.



Til sölu Ford Escape Ltd árg'08 ek 48þús km, ssk, leður, rafm rúður/ sæti auka álfelgur m/vetrard. Mjög vel með farinn. Ásett verð 4.090þ. Skoða skipti ódýrari. Uppl. í s. 899 6810 Guðmundur.



VW GOLF HIGHLINE 4MOTION árg.'03 sk.'11 ek.115 þús. Ný heilsársdekk og nýleg tímareim. Fæst fyrir 850 þús. stgr. Uppl. í s.692 0177.



Opel Astra árg'00, ek. 160 þús. Allt nýtt, ný sk. Litur mjög vel út. Ásett v. 480 þús. Tilboð 380 þús. Uppl. í s. 848 6958 & 773 8016




50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangs! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.



Bíll í sérflokki. Til sölu Audi A4 station árg.'03, grár að lit, ek. 104 þús, sjálfskiptur, sumar og vetrardekk, Verð 1.850 þús, ekkert áhvílandi, skoða öll skipti á ódýrari bíl. Uppl. í s. 897 5363.

Til sölu Subaru Legacy, outback 2,5, ek.200þ.km. Vel með farinn. Tilb.350þ. eða eftir samkomulagi. Uppl. s:848 3209.

Til sölu grá Toyota Corolla 4wd station árg.'00 ek. 125 þús, topp lagi, Ný tímareim. Verð 750.000. Uppl. í s. 868 3856.



Toyota Land Cruiser 100 árg.04, ek. 200 þús. km. Leður, lúga, dr.kúla. Verð 4980 þús. S: 820 5025



Til sölu VW Transporter '01 ek. 173 þús. Nýsk., ný tímareim. Tilboð. Leiga kemur til greina. S. 659 4403.

Nissan Almera 1400cc , árg '00. Ek. 200þús km. Beygla á bílstjórahurð, selst því á 230þ. Uppl í s. 869 2768

### 0-250 þús.

Lancer árg.'91 í ágætu standi á 70 þús. Uppl. í s. 899 5492.

### 250-499 þús.



**Tilboð 290þús**
MMC lancer árg. '98 ek. 225þús. sk. 2012 nýleg tímareim, heilsársdekk. Verð 290þús. S. 659 3459.

### Til sölu

**PORSCHE CAYENNE**



- Dísel
- Árgerð 2011
- Ekinn 4 þ.km
- Bíllinn er hlaðinn búnaði
- Innfluttur nýr af umboði
- Rafmagns opnun á hlera
- Rafmagns dráttarbeisli
- Lyklalaust aðgengi
- 21" turbo felgur
- Bluetooth
- ofl ofl...
- Sá flottasti!

Verð 17.900.000.

**bíll.is**
malarhöfða 2 sími 577 3777

# Sérpöntum varahluti frá USA

**Auka- og varahlutir frá USA**
Fáðu tilboð hjá okkur í þá vara- og aukahluti sem þig vantar. Hröð þjónusta og einstök fagþekking. Getum pantað bæði "original" og "aftermarket" varahluti.



GMC
PONTIAC
Ford
Jeep
DODGE



**Opnunartími verslunar:**
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.

Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is

**Bílabúð Benna**
Sérfræðingar í bílum

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/ euro.

## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði



**Bergiðjan ehf**
**Íslensk framleiðsla**
10, 14 og 21fm gróðurhús. Uppl. í s. 774 6633. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. email: pukinn@simnet.is Erum með myndir á facebook

## Önnur þjónusta



**ÚTSALA ÚTSALA**
30-60% afsláttur af vor-og sumarvörunni frá Green-house Opið 12-18. Green-house Rauðagerði 26.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (kreptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Kínverskur nuddari getur hjálpað þér að bæta við heilsuna. Nálastunga í boði. Hamraborg 20A 5646969

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR**
Bæði frístandandi og á vegg. STANDUR ehf. 842 2535.

Ísskápar, stálísskápur á 60þ., þvottavélar, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, barkaþurrkari á 20þ. Barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp. Flottur sófi með skemli á 30þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! Upplýsingar í síma 661 7000.**
**www.kaupumalltgull.is**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Óska eftir að kaupa fatapressu, Efnalaugin BJÖRG, Mjódd. Sími: 557 2400.

## Til byggingar



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

**Járnbending**
Tilboð óskast í vinnu við járnbendingu í tvö einbýlishús í funkis stíl. Heildarmagn er um 38 tonn. Tilboð óskast sent á netfangið: nybygging@internet.is

**Sakkaplötur óskast**
Óska eftir tilboði í 150 sakkaplötur. Uppl. um gerð og verð sendist á netfang: nybygging@internet.is

## Verslun






**FRÁBÆR NÝ LÍNA**
teg DUNA - push up í A,B,C,D skálum á kr. 7.680,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.



teg. DUNA - push up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

20 % afsláttur af öllum skotfærum. Kíktu á síðuna okkar Tactical.is S: 517-8878

## Fyrir veiðimenn




Laus veiðileyfi í Grímsá. Vegna forfalla eru til sölu 3 stangir í Grímsá síðari hluta ágústmánaðar. Seljast saman eða stakar. Uppl.í síma 665 9806

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði óskast

Er að leita að herbergi til leigu. Leigukostnaður 30þús. S: 846 9153

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4 herbergja íbúð til leig, á annari hæð í Stóragerði, V.170 þús p. mán. Uppl. í síma 661-1600 og 898-9950.

**Vesturbær**
Til leigu ca. 15 fm herbergi í 101 leigist helst miðaldra konu. Uppl. í s. 892-9512.

## Fasteignir

**Hofgarðar- Byggingarlóð fyrir einbýli**
**Til sölu ca. 800 fm eignarlóð fyrir einbýlishús við Hofgarða á Seltjarnarnesi. Ekkert áhvílandi. Til afhendingar strax. Verð 19.0 millj.**

**Uppl. gefur Stefán Hrafn Stefánsson hdl í s: 895-2049**

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting




Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Geysir - Bistró Bar**
**Aðalstræti 2**
**Erum að leita af rösku fólki til aðstoðar í eldhúsi, þarf að vera vant. Einnig í uppvask. Ekki yngri enn 18 ára. Upplýsingar veita Tóti og Helga s. 517 4300**

**Viltu vinna í Noregi? Vantar strax!**
**Atvinnubílstjóra, smiði, rafvirkja, Járnabindingarmenn, pípara og verkamenn. Hringdu núna! Starfsmannaþjónustan S 650-7770**

Manneskja óskast til þrifa á hóteli. Umsóknir skulu sendast á rs29@simnet.is

Starfsfólk óskast í létta útivinnu í sumar. uppl. í s. 869 0830 Sara.

**Matreiðslumaður SKÓLABRÚ - afleysingar aukavinna!**
Óskum eftir að ráða sem fyrst færan matreiðslumann til afleysinga í veitingahúsi okkar við Skólabrú. Við leitum að matreiðslumanni með haldgóða reynslu og góða þekkingu á „A la Carte" vinnu. Mikilvægt að viðkomandi geti unnið sjálfstætt og eigi gott með samstarf. Í boði eru góð laun fyrir réttan aðila. Hafðu samband við Hauk Haraldsson í GSM 824 2450 á skrifstofutíma.

Óska eftir afleysingarmanni á leigubíl í sumar. Tilboð sendist á Fréttablaðið merkt BOX 8.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál



## Atvinna


**Sölufulltrúi/fasteignasali !**

Óskum eftir að ráða sölufulltrúa/fasteigna-sala til afleysinga í sumar, möguleiki á framtíðarvinnu. Nauðsynlegt er að viðkom-andi hafi reynslu af sölu fasteigna og geti hafið störf strax. Umsóknir sendist á heimili@heimili.is fyrir föstudaginn 10 júní.

heimili FASTEIGNASALA www.heimili.is


## Fasteignir


**MIKIL SALA VANTAR EIGNIR Á SKRÁ.**

- VEGNA MIKILLAR SÖLU UNDANFARIÐ VANTAR MIG ALLAR GERÐIR FASTEIGNA Á SKRÁ.
- ÉG VERÐMET EIGNINA ÞÍNA ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU.
- ÁRATUGA REYNSLA, LÁTTU MENN MEÐ REYNSLU SELJA FYRIR ÞIG.

HRINGDU NÚNA Í SÍMA 892 1931

Kristberg Snjólfsson í síma 892 1931

LANDMARK FASTEIGNASALA

Magnús Einarsson Lögg. fast.

www.landmark.is • sími: 512 4900 • Bolholti 4

**ERTU Í SÖLU HUGLEIÐINGUM?**

- Vönduð og fagmannleg vinnubrögð
- Eftirfylgni alla leið
- Seldu hratt og örugglega

Hafðu samband
FRIÐBERT BRAGASON Viðskiptafræðingur
Sími: 820 6022 – fb@landmark.is

MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

LANDMARK FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS


## Tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2010 framhaldsskólanemar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti boðar til kynningarfundar, fimmtudaginn 9. júní 2011 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu þar sem starfsfólk Rannsóknar og greiningar þau: Hrefna Pálsdóttir, lýðheilsufræðingur, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt við HR, Birna Björnsdóttir, lýðheilsufræðingur, dr. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, lektor við HR og Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri munu kynna helstu niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2010 framhaldsskólanemar“er viðkemur líðan, menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna. Rannsóknin var lögð fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum landsins í október 2010.

Kynningarfundurinn verður haldinn fimmtudaginn 9. júní nk. í Þjóðminjasafni Íslands, fyrirlestrarsal og hefst kl. 13:30. Gert er ráð fyrir að fundinum ljúki eigi síðar en kl. 16:00.


Hringdu í síma
512 50 60

ef blaðið berst ekki


## Atvinna

# Want to work in Norway?

Manpower Norway is visiting Reykjavik soon to recruit. We invite YOU to come meet us!



Have you thought about living and working in Norway for some period of time? Norway offers high standard of living and competitive salaries, and by joining Manpower you can choose between both temporary and permanent jobs.

We are recruiting candidates with a strong motivation to move to Norway and with a good knowledge of Scandinavian for the positions as Wearhouse workers with truck licence, Certified Electricians and experienced Drivers class C & CE.

You're invited to come meet with us at;
Dates: Friday June 10th between 09.00 - 19.00 and Saturday June 11 between 09.00 - 15.00.
Location: Radisson Blu Saga, Hagatorg, Reykjavik. (Ask for Manpower in the reception of the hotel to be appointed to the interview rooms.)

Please come prepared with your CV and copy of exam papers.
To book your interview for one of these days, please contact:
Sigrid Skagemo at Manpower International Recruitment.
Email: sigrid.skagemo@manpower.no,
Ph: +47 92 24 46 87. www.manpower.no

Manpower






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.    512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skál, **6.** ullarflóki, **8.** rjúka, **9.** heyskaparamboð, **11.** í röð, **12.** sljóvga, **14.** einkennis, **16.** tvíhljóði, **17.** festing, **18.** suss, **20.** hljóta, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gleðimerki, **3.** fíngerð líkamshár, **4.** ástir, **5.** þvottur, **7.** niðurstaða, **10.** fálæti, **13.** kosning, **15.** lítill, **16.** umfram, **19.** gyltu.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ílát, **6.** rú, **8.** ósa, **9.** orf, **11.** tu, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** au, **17.** lím, **18.** uss, **20.** fá, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** bros, **3.** ló, **4.** ástalíf, **5.** tau, **7.** úrlausn, **10.** fæð, **13.** val, **15.** smár, **16.** auk, **19.** sú.




# Megrun vitsmunanna

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Ég rauk upp frá tölvuskjánum. Ég þurfti að strauja skyrtur eiginmannsins, skúra gólfið, leggja á mér hárið, marinera nautasteikina og gera magaæfingar. Bíddu, bíddu … Ég hristi af mér internetmókið. Hvað var ég að hugsa? Kallinn mátti strauja sínar skyrtur sjálfur; gólfið skúraði ég bara á jólunum; úfið tagl var fullkomlega viðunandi greiðsla; árið var ekki 1950.

**UNDANFARIN** misseri hefur sprottið upp á netinu fjöldi vefsíðna – sjálfstæðra jafnt sem undirsíðna rótgróinna miðla – sem ætlaðar eru konum. Hlutur kvenna í fjölmiðlum er rýr. Engin kona er ritstjóri stærstu íslensku blaðanna. Rannsóknir sýna að aðeins 30 prósent viðmælenda fjölmiðla eru konur. Nýjunginni bæri því að fagna ef ekki væri fyrir þær sakir að efnistök miðlanna, sem m.a. eru kenndir við pjatt, „smartleika“ og litinn sem Kolbrún Halldórsdóttir reyndi eitt sinn að úthýsa af fæðingardeildum, eru á mannskemmandi lágu plani.

**ÞÓTT** miðillinn sem notaður er til að koma innihaldinu á framfæri gæti ekki verið nútímalegri eru skilaboðin meira í ætt við viðhorf sem uppi voru á miðri 20. öld. Þau minna á sjónvarpsþættina Mad Men sem gerast á bandarískri auglýsingastofu kringum 1960 þar sem konur eru annaðhvort vel til hafðar útungunarvélar eða áhrifalausir ritarar með munúðarlega afturenda sem yfirmönnunum er frjálst að dást að. Er að furða að maður gleymi á hvaða öld maður er uppi með fyrirsagnir á borð við þessar fyrir augunum: Vaknaðu fyrr, þrífðu heimilið og farðu í heimsókn – Svona á kvenpeningurinn að mála sig – Fáðu partýhár á mettíma – Losnaðu við bumbuna og baugana – Sjálfsöryggi í rúminu – Litrík og glaðleg barnaherbergi fyrir krílið þitt – Unaðsleg kálfasteik: Uppskrift – Íþróttaföt sem grenna um heilt númer.

**NÚ** hef ég ekkert á móti einstaka förðunarráði, mataruppskrift eða umfjöllun um fatnað. En að álykta sem svo að sjálfsmynd kvenna byggist fyrst og fremst á þjónustuhlutverki við aðra heimilismeðlimi – að vera börnum og maka augnayndi, listakokkur (sem snertir þó aðeins sjálfur á hollmetinu svo línunum verði ekki meint af), gaumgæfinn uppalandi og skörulegur rekkjufélagi – eru hleypidómar og ranghugmyndir. Hvers vegna er engin umfjöllun um pólitík, listir, menningu eða starfsframann á þessum nýju kvennamiðlum? Hvar er kvikmyndagagnrýnin sem er einmitt nær eingöngu fengin körlum á hinum hefðbundnu miðlum þótt vitað sé að kvikmyndasmekkur sé nokkuð kynbundinn? Núverandi kvennamiðlar svelta lesendur sína vitsmunalegri örvun eins og megrunarkúrarnir sem þeir mæla með svelta þá næringu. Óskandi er að næsta vefsvæði fyrir konur sýni lesendahópi sínum meiri virðingu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Coca-Cola zero
59 KR.
Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.ds
1298 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
598 KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
BÓNUS
200 KR.STK.
BÓNUS MARGNOTA BURÐARPOKINN
1198 KR.KG
K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
998 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
Norðanfiskur: Íslensk bleikja beinhreinsuð með roði
1598 KR.KG
NORÐANFISKUR BLEIKJA BEINHREINSUÐ
198 kr
PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN 2 ltr.
BÓNUS 4 STK. STÓR HAM-BORGARABRAUÐ
159 KR.
KJARNAFÆÐI FROSNIR 10 x 120g UNGNAUTA HAMBORGARAR
1598 KR.
FABRIKKU SÓSA 300ml
359 KR.
KF RISA 120 GRAMMA NAUTAHAMBORGARI Í STÓRU BRAUÐI AÐEINS 200 KR.
ENERGY DRINK
EUROSHOPPER ORKUDRYKKUR HÁLFUR LÍTRI
98 KR.
SÍÐUSTU DÓSIRNAR Á ÞESSU VERÐI!
23 KR. HVER ÞVOTTUR
MILT ÞVOTTAEFNI FYRIR ALLAN ÞVOTT
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA-40 ÞVOTTAR
1198 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
MILT
898 KR. PAKKINN
298 KR.300ml
UMBRO STURTUSÁPA
Nonna sósan er lang lang besta Bearnessósan sem ég hef smakkað.
Leifur í Ferskum kjötvörum
279 KR.225ml
BEARNAIS-SÓSA
198 KR.570ml
HEINZ TÓMATSÓSA
Florida
195 KR.1 ltr
Florida appelsínusafi
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**KVARTETTINN FERSTEINN** heldur tónleika á Café Flóru í Grasagarðinum í Laugardal í kvöld klukkan hálfníu. Fersteinn er kvartett skipaður þeim Báru Sigurjónsdóttur, Guðmundi Steini Gunnarssyni, Lárusi H. Grímssyni og Páli Ivan Pálssyni. Fersteinn leikur verk eftir Guðmund Stein Gunnarsson. Tilefni tónleikanna er útgáfa geislaplötunnar Horpma sem nýverið kom út hjá Carrier Records í Bandaríkjunum.

Tónlist ★★★★

**Flétta**

Listahátíð Reykjavíkur

**Flétta eftir:** Hauk Tómasson **Flutningur:** Kammersveitar Reykjavíkur, Mótettukórs Hallgrímskirkju og Schola cantorum. **Stjórnandi:** Hörður Áskelsson.

## Kveðja frá vetrarbrautinni



Flétta er nafnið á verki eftir Hauk Tómasson sem frumflutt var í Hallgrímskirkju á Listahátíð á laugardaginn. Nafnið vísar til textans, sem er fléttaður úr ljóðum eftir ýmis skáld, en fjalla öll um náttúruna. Ljóðin eru forkunnarfögur og eru eftir Sjón, Pétur Gunnarsson, Snorra Hjartarson, Hannes Pétursson og Þorstein frá Hamri. Rauði þráðurinn í verkinu eru örstutt náttúruljóð eftir Sjón, á milli lengri ljóða eftir hina. En síðasta ljóðið, sem er þó viðameira, er líka eftir Sjón.

Ljóðin hafa mikil áhrif á tónmál Hauks hér og ráða í rauninni ferðinni. Allskonar myndir í ljóðunum endurspegluðust í tónlistinni. Í ljóði þar sem minnst var á hunangsflugu heyrðust strengjatrillur, býflugnasuð. Kveðja frá vetrarbrautinni birtist sem hraðar hendingar frá dýpsta tónsviðinu upp í það efsta, svo sem yfir mikla vegalengd. Nýsaumaður silkihanski var þéttur, skrautlegur tónavefur. Þannig mætti lengi telja.

Eitt fegursta ljóðið var það síðasta, Sólhvörf eftir Sjón. Það hófst á þessum orðum: „þegar augu þín / nema staðar við kúluna / sem hangir á þriðju grein frá stjörnu / þá manstu afhverju dimmdi og afhverju birtir á ný ". Áheyrandinn var þar með kominn frá náttúrunni á jörðinni og út í himingeiminn. Hann horfði á jörðina ferðast „eftir sporbraut / teiknaðri í myrkrið / ófægð perla í himinsvörtum lófa …"

Ég hef heyrt þetta ljóð í allt öðruvísi tónsetningu, miklu einfaldari. Haukur valdi að gera ljóðið að vísindaskáldskap, tónlistin var framandi og framúrstefnuleg, eins og í bíómynd um ferðalag í geimnum. Það var í sjálfu sér ekkert síðra.

Að herma eftir myndlíkingum í tónlist er alþekkt aðferð. En hugmyndir Hauks voru bara svo stílhreinar, og þær voru svo fallega settar fram, hljómarnir svo yndislega framandi og seiðmagnaðir (orgelið var dásamlegt!), að maður féll í stafi. Það var ekki eitt einasta leiðinlegt augnablik í öllu verkinu, sem tók um klukkutíma í flutningi.

Spilamennska Kammersveitar Reykjavíkur var prýðileg undir stjórn Harðar Áskelssonar. Hún var í góðu jafnvægi við allt annað, þ.e. söng Mótettukórs Hallgrímskirkju og Schola cantorum. Kórsöngurinn var tær og þéttur, breiddin í túlkuninni mikil, allt frá smæstu blæbrigðum upp í voldugar tónasprengjur.

Án efa er þetta með því besta sem Haukur hefur samið.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Magnað verk eftir Hauk Tómasson við hrífandi ljóð eftir ýmis skáld.



**ÞRJÚ AF FIMM** Ingólfur Vilhjálmsson, Kristjana Helgadóttir og Gunnhildur Einarsdóttir eru í kammersveitinni Adapter auk þeirra Matthiasar Engler og Marcs Tritschler. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# OFURFLÓKIN NÚTÍMATÓNLIST Í FLUTNINGI ADAPTER

**Nútímatónlistarhátíðin Frum- verður haldin á Kjarvalsstöðum annað kvöld. Kammerhópurinn Adapter stendur að hátíðinni í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur.**

„Við ætlum að þessu sinni að beina sjónum okkur að ofurflókinni tónlist," segir Kristjana Helgadóttir flautuleikari og einn meðlima kammersveitarinnar Adapter. „Tónlistin er reyndar ekki endilega erfið á að hlýða en hún gerir kröfur til flytjenda, nótnaskriftin er flókin og teygð út í öfgar, tónmyndun, hrynur og blæbrigði eru skrifuð mjög nákvæmlega," útskýrir Kristjana. Hún segir verkin sem verða flutt að hluta til eiga rætur sínar að rekja til tónlistarstefnu sem bar einmitt heitið „new-complexity". „Verkefnaskráin er reyndar mjög fjölbreytt, elsta stykkið er frá 1957 og það yngsta frá 1995 þannig að við spönnum síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Hljóðfæraskipanin er líka ólík í verkunum sem gerir breiddina enn meiri. En þau eiga það sameiginlegt að senda hljóðfæraleikarana út á ystu nöf."

Fjögur verk verða flutt annað kvöld, The Riot eftir Jonathan Harvey, Inward eftir Richard Barrett, Hymnos eftir Peter Maxwell Davies og Fidélité eftir Georges Aperghis.

Adapter hefur starfað frá árinu 2004 og getið sér gott orð fyrir flutning á nútímaverkum. „Við höfum lagt áherslu á stórverk síðustu aldar og sömuleiðis á samtímaverk. Við höfum frumflutt yfir 100 verk. Það er mjög spennandi og oft erum við í samstarfi við tónskáldin, hittum þau í ferlinu og prófum ólíka hluti."

Í Adapter eru auk Kristjönu, Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari, Ingólfur Vilhjálmsson klarinettuleikari, Matthias Engler slagverksleikari og Marc Tritschler píanóleikari. Þau hafa öll verið búsett í Berlín í vetur sem hefur að sögn Kristjönu bæði gert þeim kleift að spila meira og takast á við fjölbreyttari verk. „Við höfum getað unnið yfirvegað að verkefnunum okkar, sem er mjög gott," segir Kristjana og bætir við að sveitin sé á leið í hljóðver í sumar.

Tónleikar Adapter á Kjarvalsstöðum hefjast klukkan átta annað kvöld.

**sigridur@frettabladid.is**


Vorhefti TMM komið út:

Hvernig hugsa skáldin?




Skáld í brennidepli: Jóhann Jónsson, Thor Vilhjálmsson, Kristín Eiríksdóttir, Klopstock …

*Fjölbreyttar greinar um íslenskar og erlendar bókmenntir, bókadómar, ádrepur …*

*Og dálítill skáldskapur!*

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


★★★★

**Klúbburinn**

Listahátíð Reykjavíkur

**Höfundur:** Gunnlaugur Egilsson og Klúbburinn. **Meðlimir Klúbbsins:** Björn Borko Kristjánsson, Björn Thors, Gunnlaugur Egilsson, Huginn Þór Arason, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson.

## Kappar og klíkur

Á föstudagskvöldið var allfrumleg sýning í Borgarleikhúsinu á Listahátíð. Klúbbur karla mættist í öllum þeim stellingum og athöfnum sem karlar geta í raun lent í. Í upphafi mynda sex öldungar sexhyrndan hóp eða eins konar stjörnu, þeir eru vitringar eða dómarar eða kannski bara Hæstiréttur Íslands í okkar nútíma? Gervin, gráir hettir og dragsíð prjónuð skegg, hugvitsamlega til fundin og svo einnig notuð til að vekja ýmis önnur hughrif. Eins og upprúllaðar rollur með lagabókstöfum eða kannski dularfullum samtryggingarsetningum. Hugurinn fór á svimandi fart eins og þessir sex menn gerðu í hinum ýmsu atriðum. Hvort sem hér voru á ferðinni alkemistar, frímúrarar eða bræðralagtertur af öllum þeim gerðum sem til eru var þetta einstaklega ögðuð og flott sýning þar sem möguleikar líkamsbeitingar og tjáningar voru vel nýttir og ásinn sem pýramídinn hékk á varð eins og öxull alheimsins og allt tók að snúast og um leið urðu línur líkama þeirra að mjúkum fallegum formum.

Að lyfta trassanum upp á nefinu var líka mjög gott atriði. Einkennandi fyrir leikinn var að hann var sífellt endurtekinn þannig að allir sex gerðu svo til það sama nema í lokin þegar einum er fórnað og er það dansarinn Gunnlaugur Egilsson sem leikur hinn misskilda sem er annaðhvort hengdur eða krossfestur. En það virðist nú vera það sem verkið fjallar um, að nauðsynlegt sé að vera eins og aðrir því annars fari ekki vel fyrir manni. Myndbrotin sem fyrir augu bar voru allan tímann tengd táknum, sem gáfu til kynna hvaða hópi menn tilheyrðu án þess að þau væru endilega augljós. Táknin úr raunveruleikanum verða að leikhústáknum sem eru hreyfanleg. Líkamstjáningin var sem skiljanleg orð í þessu verki, einkum skemmtileg tilbrigði Ólafs Egils Egilssonar sem hæðist með skrokknum. Raunar voru leikarar allir góðir kannski aðeins misfimir enda með aðalbækistöðvar í mismunandi afkimum listanna. Björn Thors og Ingvar E. Sigurðsson voru svifléttir í dansatriðum. Tónlist Borko sá ekki aðeins um stemningu heldur stóð á köflum fyrir framvindunni. Þessi könnunarleiðangur sex karlmanna féll í góðan jarðveg hjá áhorfendum og var þeim mjög vel fagnað í lokin.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Einkar athyglisverð og ögð sýning sem gladdi bæði augu og eyru.

ÞAÐ ER

# SPORT AÐ SPARA





**ADIDAS SUMMER TRACKTOP**

Rennd peysa úr 85% polyester og 15% bómull. Litir: Bleik, blá, græn, fjólublá. Stærðir: 128-164.

**8.990**

**5.990**



**ADIDAS BTS CLASS II K**

Sumarskór með riflásum. Mjúk adiFIT-innlegg sýna hvernig skórinn passar. Svartir: 28-35. Hvítir: 28-33..

**7.990**



**ADIDAS ORACLE K**

Sumarskór með mjúkum adiFIT-innleggjum sem sýna hvernig skórinn passar. Svartir: 28-40. Hvítir: 28-36.

**6.990**



**ADIDAS VULCANVAS K**

Sumarskór með mjúkum OrthoLite innleggjum sem sýna hvernig skórinn passar. Litir: Hvítir, svartir. Stærðir: 32-38 2/3.



**ADIDAS YB GRAPHIC LOGO TEE**

Stuttermabolur úr bómull. Litir: Svartur, grár. Stærðir: 110-176.

**2.490**



**ADIDAS 3S NEW KNOX PANT**

Íþróttabuxur úr polyester. Stærðir: 128-164.

**4.490**



**ADIDAS ESS SWEAT PANT**

Íþróttabuxur úr 80% bómull og 20% polyester. Stærðir: 128-152.

**5.990**



**TECHNO PRO SET SPEED**

Badmintonsett. 2 spaðar og 2 flugur.

**1.990**

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is



**250** **STARFSMÖNNUM DISNEY** verður sagt upp í næstu viku segja bandarískir fjölmiðlar. Ástæðan ku vera minni tekjur og almennar skipulagsbreytingar.



**Á FERÐ OG FLUGI** Hljómsveitin Útidúr kemur fram á fernum tónleikum á fjórum dögum í Þýskalandi í júní og hyggst safna fyrir ferðalaginu með tónleikum á Faktorý annað kvöld.

# Útidúr safnar fyrir ferð til Þýskalands

Hljómsveitin Útidúr kemur fram á tónleikum á Faktorý annað kvöld ásamt Sóleyju, Jóni Þór og hljómsveitinni Nolo. Þúsund krónur kostar inn á tónleikana, en allur ágóðinn rennur í ferðasjóð Útidúrs sem kemur fram á fernum tónleikum í Þýskalandi í júní.

Ferðalag Útidúrs hefst í München 22. júní. Þaðan liggur leiðin til Halle daginn eftir. Hljómsveitin kemur svo fram á tónlistarhátíðinni Umsont und Draussen í Würsburg 24. júní, en Útidúr lokar kvöldinu á aðalsviði hátíðarinnar. Síðustu tónleikarnir verða svo í Hamborg 25. júní. Sem sagt, fernir tónleikar á fjórum dögum.

Þetta verða fyrstu tónleikar Útidúrs utan landsteinanna. Styrktartónleikarnir á Faktorý á morgun hefjast klukkan 22, en húsið opnar klukkutíma fyrr.

**- afb**

# Sér sjálfan sig í Viggó viðutan

**Freyr Eyjólfsson, útvarpsmaðurinn góðkunni á Rás 2, segist eiga ýmislegt sameiginlegt með hinum skrautlega Viggó viðutan og leitar nú logandi ljósi að bókum um myndasöguhetjuna sem Freyr segir vera hálfgerðan tvífara sinn.**



**EIGA MARGT SAMEIGINLEGT**
**Freyr Eyjólfsson** segir að þeir **Viggó viðutan** eigi ýmislegt sameiginlegt. Útvarpsmaðurinn leitar nú logandi ljósi að fólki sem vill selja honum Viggó-bækur.

Útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson auglýsti í gær á flóamarkaði Andra Freys og Gunnu Dísar á Rás 2 eftir Viggó-bókum og býðst til að kaupa þær. Freyr fer ekki í neinar grafgötur með það að Viggó sé andlegur leiðtogi hans. „Viggó lætur sér aldrei leiðast, hefur gaman af lífinu, spilar á asnalegt hljóðfæri, gerir ekkert í vinnunni, truflar aðra og pirrar yfirmenn sína óendanlega án þess þó að vera rekinn. Alveg eins og ég,“ segir Freyr. „Ekki skemmir heldur fyrir að sætasta stelpan í bókunum, hinn nafnlausi ritari, er nauðalík konunni minni.“

Freyr las Viggó-bækurnar þegar hann var yngri en þegar aldurinn færðist yfir missti útvarpsmaðurinn sjónar af snilldinni. „Ég gaf frænda mínum allar Viggó-bækurnar mínar þegar ég var tólf ára en hef svo verið að reyna að eignast þær aftur.“

Hann lýsir því yfir að þetta séu einfaldlega sígildar bókmenntir. „Þrjár myndasögur virðast hafa staðist tímans tönn, það er Tinni, Ástríks-bækurnar og svo Viggó,“ útskýrir Freyr og bætir því við að síðasttalda persónan sé í eftirlæti hjá sér sökum þess að þær bækur skarti skemmtilegum aukapersónum, séu vel teiknaðar og einfaldlega ótrúlega fyndnar.

Freyr hefur ekki haft erindi sem erfiði við að hafa upp á Viggó-bók en í þeim töluðu orðum röltir fréttamaðurinn Ingólfur Bjarni Sigfússon fram hjá og skýtur því að Frey að hann eigi flestar ef ekki allar Viggó-bækurnar, þær séu kyrfilega geymdar ofan í kassa. „Og viltu ekki selja mér þær?,“ spyr Freyr, vongóður um að Ingólfur kenni í brjósti um sig og Viggó-leysi sitt. En svar Ingólfs reynist vera neikvætt. „Ég vil bara hvetja bókaútgefendur til að gefa þessar bækur aftur út. Og þeir sem eiga þessar bækur og vilja losa sig við þær mega endilega hafa samband við mig,“ segir Freyr.

**freyrgigja@frettabladid.is**





**DÁIR TÍSKU** Blake Lively segir tísku vera sitt helsta áhugamál.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Blake er sinn eigin stílisti

Blake Lively er ein af fáum leikkonum sem njóta ekki aðstoðar stílista þegar hún sækir opinberar samkomur.

Lively segist hafa lært ýmislegt af móður sinni og í gegnum leik sinn í sjónvarpsþáttunum Gossip Girl þegar kemur að því að velja klæðnað. „Móðir mín var fyrirsæta og hannaði föt, þannig að ég hef alltaf kunnað að meta hönnun. Þegar ég lék í Gossip Girl kynntist ég hönnun enn betur, bæði í gegnum þáttinn og svo fékk ég einnig aðgang að ýmsum tískusýningum. Ég varð minn eigin stílisti af því ég vissi ekki betur og þegar mér var loks sagt að fá mér einn hugsaði ég með mér: Þetta er mitt helsta áhugamál. Af hverju ætti ég að borga einhverjum fyrir að gera það fyrir mig? Það er hræðileg hugmynd.“

# FYRIRSÆTUR Í YFIRSTÆRÐ Á FORSÍÐU ÍTALSKA VOGUE

**Miklar umræður hafa verið um forsíðu nýjasta tölublaðs ítalska Vogue, en hana prýða fyrirsætur í yfirstærð.**

Forsíða júlítölublaðs ítalska Vogue hefur vakið mikla athygli, en hana prýða fyrirsæturnar Tara Lynn, Candice Huffine og Robyn Lawley. Þær eiga það sameiginlegt að vera þyngri en gengur og gerist í tískuheiminum; eru fyrirsætur í yfirvigt eins og það kallast. Fyrirsæturnar klæðast undirfötum frá Givenchy-tískuhúsinu og er yfirskrift forsíðunnar „Belle Vere“ eða fallegur sannleikur.

**Skiptar skoðanir**

„Lesendur okkar hafa óskað eftir því að sjá venjulegar konur sem endurspegla raunveruleikann sem við búum í. Þeir vilja sjá heilbrigðar stelpur og ekki stelpur sem láta þyngdina stjórna lífi sínu,“ segir Franca Sozzani, ritstjóri blaðsins, en ítalska Vogue er þekkt fyrir að fara eigin leiðir og vera ögrandi í umfjöllun og myndbirtingu.

Skiptar skoðanir eru um forsíðuna en flestir taka henni fagnandi og vilja meina að hún sé mikilvægt skref í baráttunni við brenglaðar líkamsmyndir tískuheimsins. Aðrir segja hana ódýra markaðssetningu og að rangt sé af blaðinu að ná sér í athygli með þessum hætti.

**Ögrandi og umdeilt blað**

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ítalska Vogue vekur athygli á málefnum líðandi stundar í tölublöðum sínum. Fyrir þremur árum gaf tímaritið út The Black Issue, eða svarta tölublaðið, en þá var eingungis notast við hörundsdökkar fyrirsætur og vakin athygli á kynþáttafordómum í tískuheiminum.

Árið 2006 tók blaðið mið af stríðinu gegn hryðjuverkum, 2007 voru það áfengismeðferðir fræga fólksins og árið 2010 fékk olíuslysið í Mexíkó athygli.

Núna verður ítalska Vogue að halda þessari þróun við, enda missir forsíðan tilgang sinn ef næsta tölublað skartar barnungri og tággrannri fyrirsætu eins og flest önnur tískurit.

alfrun@frettabladid.is






**ENDURSPEGLA RAUNVERULEIKANN**

Þær Tara Lynn, Candice Huffine og Robyn Lawley prýða umdeilda forsíðu ítalska Vogue, en það er í fyrsta sinn sem þéttvaxnar fyrirsætur prýða forsíðu þessa fræga tískurits.



**VINIR** Jennifer Aniston og Brad Pitt sakna bæði hundsins Norman.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Syrgja Norman saman

Tímarit hið vestra greindu nýverið frá því að hundur leikkonunnar Jennifer Aniston væri dauður. Hundurinn Norman var orðinn fjörgamall og saknar leikkonan hans sárt. Fyrrverandi eiginmaður hennar, Brad Pitt, mun einnig vera í sárum vegna þessa.

„Brad hringdi í Jennifer um leið og hann heyrði fréttirnar og vottaði henni samúð sína. Þó að Norman hafi verið hundurinn hennar Jennifer þótti Brad afskaplega vænt um hann. Eftir að hafa rætt saman í svolitla stund fóru þau óafvítandi að tala um gömlu dagana,“ var haft eftir heimildarmanni. „Þau töluðu meira að segja um foreldra Brads og hann sagði Jennifer að móðir hans saknaði hennar mikið.“

In Touch Weekly segir jafnframt að Angelina Jolie, sambýliskona Pitts, sé ekki ánægð með að hjónin fyrrverandi séu í sambandi.

Þrefaldur fyrsti vinningur
350.000.000
+250.000.000
00.000
Fyrsti vinningur stefnir í 350 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 250 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**
VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 8. JÚNÍ 2011
A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42



**ÞJÓFÓTTIR?** Meðlimir Coldplay hafa oftar en einu sinni verið sakaðir um lagastuld. Nýjasta dæmið á sér þó eðlilegar útskýringar.

# Coldplay hafnar ásökunum um að nýja lagið sé stolið

**Enn og aftur hefur breska hljómsveitin Coldplay verið sökuð um lagastuld. Í þetta skipti voru Chris Martin og félagar búnir að baktryggja sig, en nýtt lag Coldplay er byggt á lagi frá 1976.**

Breska hljómsveitin Coldplay hefur hafnað ásökunum um að nýja lagið, Every Teardrop Is a Waterfall, sé stolið. Talsmaður hljómsveitarinnar hefur staðfest að lagið sé undir áhrifum danssmellsins Ritmo de la Noche, frá árinu 1990, en það er byggt á laginu I Go to Rio frá árinu 1976. Höfundar I Go to Rio, þeir Peter Allen og Adrienne Anderson, eru því skráðir meðhöfundar Every Teardrop Is a Waterfall og fá greidd höfundaréttarlaun samkvæmt því.

Netheimar voru fljótir að bregðast við þegar Coldplay sendi frá sér lagið Every Teardrop Is a Waterfall fyrir helgi. Bloggarar bentu á líkindi lagsins og Ritmo de la Noche eftir hljómsveitina Mystic. Færri vissu að það er byggt á laginu I Go to Rio, en það var var gríðarlega vinsælt í Ástralíu á sínum tíma og listamenn á borð við Peggy Lee, Claude François og Prúðuleikarana tóku upp eigin útgáfur af laginu.

„Allen og Anderson eru skráðir meðhöfundar Every Teardrop Is a Waterfall," sagði talsmaður Coldplay í yfirlýsingu á dögunum. „Chris [Martin, forsprakki Coldplay] samdi lagið eftir að hann sá myndina Biutiful eftir Alejandro González Iñárritu. Í næturklúbbsatriði í myndinni hljómar lagið Ritmo de la Noche í bakgrunni."

Meðlimir Coldplay hafa áður verið sakaðir um að fara frjálslega með höfundarverk annarra. Þegar hljómsveitin sendi frá sér lagið Viva la Vida fyrir þremur árum sakaði bandaríski tónlistarmaðurinn Joe Satriani þá Chris Martin og félaga um að stela lagi sínu If I Could Fly frá árinu 2004. Þrátt fyrir að meðlimir Coldplay hafi sagt að um tilviljun væri að ræða var samið um málið utan dómstóla árið 2009.

Cat Stevens hefur einnig sakað Coldplay um lagastuld og lagahöfundurinn Dan Gallagher hefur sakað hljómsveitina um myndbandsstuld. Hvorugt málanna endaði fyrir dómi.

atlifannar@frettabladid.is

SAMBÍÓIN

HANGOVER PART II
FRAMHALD AF VINSÆLUSTU GRÍNMYND SEM SÝND HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI.
R.M. - bíófilman.is
BoxofficeMagazine

X-MEN FIRST CLASS

FRÁ ÞEIM SÖMU OG GERÐU SHREK
FRÁBÆR FJÖLSKYLDU SKEMMTUN
KUNG FU PANDA 2

PIRATES OF THE CARIBBEAN
Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarævintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffry Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í völdum kvikmyndahúsum

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 5 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ensku. Tali | kl. 10:50 Ótextuð | L |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali | kl. 6 - 10:20 Með Texta | L |
| PIRATES 4 | kl. 6(2D) - 8(3D) - 10(2D) | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 | 10 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER PART II | kl. 5.40 - 8 - 8.20 -10.20 - 11 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5 - 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 4 - 6 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 - 8 - 10.40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D ensku. Tali | kl. 8:10 - 10:20 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6(2D) - 9(2D) | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 8 | 10 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:45 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
real D 3D
FULLKOMIN GÆÐI!

BRIDESMAIDS
12 LÚXUS midi.is

UPPLIFÐU STUNDINA SEM Á EFTIR AÐ BREYTA HEIMINUM!
X-MEN FIRST CLASS
12 ★★★★ -Þ.P. - FRÉTTATÍMINN ★★★★ - SÉÐ & HEYRT ★★★★ - KVIKMYNDIR.IS

"BESTA 'PIRATES' MYNDIN" - M.P FOX TV
★★★★ P.H. BOXOFFICE MAGAZINE
PIRATES OF THE CARIBBEAN
10 STÓRKOSTLEG ÞRÍVÍDDARÆVINTÝRAMYND

JACK BLACK, ANGELINA JOLIE, DUSTIN HOFFMAN, JACKIE CHAN, SETH ROGEN, LUCY LIU, JEAN-CLAUDE VAN DAMME OG GARY OLDMAN
FRÁ HÖFUNDUNUM SEM FÆRÐU OKKUR SHREK
★★★★ BOX OFFICE MAGAZINE
90/100 VARIETY
90/100 THE HOLLYWOOD REPORTER
KUNG FU PANDA 2
L FRÁBÆR ÞRÍVÍDD MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI midi.is

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| BRIDESMAIDS Í LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ENSKT TAL 3D | KL. 8 | L |
| PIRATES 4 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%
LOKAÐ 6. - 8. JÚNÍ

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

BRIDES MAIDS
X-MEN FIRST CLASS
KUNG FU PANDA 2 SÝND MEÐ ISL OG ENS TALI
PAUL
FAST & FURIOUS 5

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30 og 9 |
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 og 10.10 |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ISL TAL | 4 og 6 |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ENS TAL | 4 - ÓTEXTUÐ |
| PAUL | 8 |
| FAST & FURIOUS 5 | 10 |

4GB minnislykill fylgir öllum netlyklaáskriftum í dag
Gríptu tækifærið og græjaðu þig upp fyrir bústaðinn. Magnaðir miðvikudagar!
Á meðan birgðir endast.
Síminn

BÍÓ ★ PARADÍS — BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00, 20:00 |
| ROUTE IRISH | 22:00 |
| SÓDÓMA REYKJAVÍK (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| DRAUMALANDIÐ (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| DJÖFLAEYJAN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER
A SUMMER OF ICELANDIC CINEMA
Lífið ER LEIKSVIÐ!
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Gefðu því gaum sem þú setur á húðina!

Heilsuhúsið leggur áherslu á að bjóða upp á úrval af lífrænt vottuðum og náttúrulegum snyrtivörum án skaðlegra aukaefna.

Líttu við og leyfðu starfsfólki Heilsuhússins að aðstoða þig.

SÓLEY




*eyGLÓ - Lífrænn raki*




MÁDARA®
ecocosmetics

*Lífrænt vottaðar húðvörur í hæsta gæðaflokki!*

Unnar úr kraftmiklum blómum og jurtakjörnum.




VILLIMEY

*Lífrænt og kraftmikið smyrsl á alla verki og bólgur*

Unnið úr hreinni íslenskri náttúru.

lavera
VOTTAÐAR LÍFRÆNAR HÚÐVÖRUR




*Brúnkukrem fyrir andlit og líkama*

Þornar fljótt. Mild lykt. Mýkir, nærir og gefur fallegan lit.




AUBREY® ORGANICS

*Sjampó og hárnæring*

Mjúkt og glansandi hár án paraben efna og sílikons.
100% hrein og náttúruleg!

náttúrulega heilsuhúsið

LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRATORGI • LÁGMÚLA • SELFOSSI • AKUREYRI • REYKJANESBÆ

KRAFTAVERK

# sport

sport@frettabladid.is



**VERKFALL FLUGVIRKJA** mun setja ferðaáætlun íslenska 21 árs landsliðsins eitthvað úr skorðum en íslenska 21 árs landsliðið átti að fljúga út til Danmerkur snemma í morgun. „Við getum ekkert gert því það er ekkert annað flug í gangi. Fluginu seinkar bara aðeins,“ sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í gær en ekki er víst hvort að íslenska liðið missi af framhaldsflugi til Álaborgar þar sem liðið hefur aðsetur á meðan á mótinu stendur.

## Þór Ak. 2-1 ÍBV

Þórsvöllur, áhorf.: 765 — Magnús Þórisson (7)

*1-0 David Disztl (5.), 2-0 Sveinn Elías Jónsson (31.), 2-1 Ian Jeffs (37.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–16 (4–10) |
| Varin skot | Srdjan 8 – Guðjón 2 |
| Horn | 5–14 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–10 |
| Rangstöður | 4–3 |

| **ÞÓR** 4–3–3 | | **ÍBV** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| ***Srdjan Rajkovic** | **8** | Guðjón Orri Sigurjón. | 4 |
| Gísli Páll Helgason | 7 | Kelvin Mellor | 5 |
| Þorsteinn Ingason | 6 | Eiður Aron Sigurbj. | 6 |
| Janez Vrenko | 6 | Rasmus Christiansen | 6 |
| Ingi Freyr Hilmarsson | 7 | Matt Garner | 5 |
| Sveinn Elías Jónsson | 7 | Þórarinn Ingi Valdim. | 6 |
| (61., Sigurður Marínó | 6) | Finnur Ólafsson | 5 |
| Aleksandar Linta | 7 | (77., Denis Sytnik | -) |
| (77., Hallgrímur Már | -) | Arnór Eyvar Ólafsson | 5 |
| Atli Sigurjónsson | 6 | (65., Bryan Hughes | 6) |
| Gunnar Már Guðm. | 7 | Ian Jeffs | 6 |
| Ármann Pétur Ævars. | 6 | (77., Guðm. Þórarins. | -) |
| David Disztl | 7 | Andri Ólafsson | 6 |
| (66., Pétur Heiðar | 6) | Tryggvi Guðmundss. | 6 |

**Maður leiksins*

## Breiðablik 1-1 Fram

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1003 — Þorvaldur Árnason (6)

*1-0 Kristinn Steindórsson (17.)*
*1-1 Arnar Gunnlaugsson (76.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–10 (5–5) |
| Varin skot | Ingvar 3 – Ögmundur 3 |
| Horn | 3–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6–6 |
| Rangstöður | 4–5 |

| **BREIÐAB.** 4–3–3 | | **FRAM** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 5 | Ögmundur Kristinss. | 5 |
| Arnór Sveinn Aðalst. | 5 | Alan Lowing | 4 |
| Elvar Freyr Helgason | 6 | Kristján Hauksson | 6 |
| Finnur Orri Margeirs. | 6 | ***Jón Guðni Fjólus.** | **7** |
| Kristinn Jónsson | 4 | Samuel Lee Tillen | 7 |
| (79., Kári Ársælsson | -) | Halldór Hermann J. | 6 |
| Jökull Elísabetarson | 5 | Jón Gunnar Eysteins. | 4 |
| Guðm. Kristjánsson | 6 | Kristinn Ingi Halld. | 4 |
| Rafn Andri Haraldss. | 5 | Almarr Ormarsson | 4 |
| (65., Andri Rafn | 4) | Ívar Björnsson | 4 |
| Kristinn Steindórsson | 7 | (60., Tómas Leifsson | 6) |
| Tómas Óli Garðarss. | 5 | Arnar Gunnlaugsson | 5 |
| (79., Árni Vilhjálmss. | -) | | |
| Arnar Már Björgvins. | 4 | | |

**Maður leiksins*

## ÚRSLIT Í GÆR

### Pepsi-deild karla - staðan

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | 7 | 5 | 2 | 0 | 14-6 | 17 |
| ÍBV | 7 | 4 | 1 | 2 | 9-5 | 13 |
| **Fylkir** | 7 | 4 | 1 | 2 | 12-10 | 13 |
| Valur | 6 | 4 | 0 | 2 | 7-3 | 12 |
| **Stjarnan** | 7 | 3 | 2 | 2 | 11-11 | 11 |
| FH | 6 | 2 | 2 | 2 | 9-6 | 8 |
| **Keflavík** | 6 | 2 | 2 | 2 | 9-8 | 8 |
| Breiðablik | 7 | 2 | 2 | 3 | 10-13 | 8 |
| **Grindavík** | 7 | 2 | 1 | 4 | 9-11 | 7 |
| Víkingur R. | 7 | 1 | 3 | 3 | 4- 8 | 6 |
| **Þór** | 6 | 2 | 0 | 4 | 5-11 | 6 |
| Fram | 7 | 0 | 2 | 5 | 4-11 | 2 |

### 1. deild karla

**BÍ/Bolungarvík-ÍA** **0-6**
Hjörtur Júlíus Hjartarson 2, Stefán Þór Þórðarson 2, Gary Martin, Mark Doninger.
**Haukar-Fjölnir** **0-0**
**Þróttur R.-KA** **1-0**
Hjörvar Hermannsson.
**ÍR-Grótta** **0-0**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | 5 | 4 | 1 | 0 | 13-2 | 13 |
| Haukar | 5 | 3 | 1 | 1 | 8-4 | 10 |
| **Þróttur R.** | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-4 | 10 |
| Selfoss | 5 | 2 | 1 | 2 | 11-8 | 7 |
| **KA** | 5 | 2 | 1 | 2 | 7-6 | 7 |
| Fjölnir | 5 | 2 | 1 | 2 | 8-8 | 7 |
| **ÍR** | 5 | 2 | 1 | 2 | 6-9 | 7 |
| Grótta | 5 | 1 | 3 | 1 | 3-5 | 6 |
| **BÍ/Bolungarvík** | 5 | 2 | 0 | 3 | 6-11 | 6 |
| Leiknir R. | 5 | 0 | 4 | 1 | 3-5 | 4 |
| **Víkingur Ó.** | 5 | 0 | 3 | 2 | 3- 6 | 3 |
| HK | 5 | 0 | 1 | 4 | 7-14 | 1 |

**Upplýsingar** um markaskorara eru fengnar frá vefsíðunni fótbolti.net

# HANNES HETJA KR-INGA

**Hannes Þór Halldórsson fór á kostum í marki KR í gær er liðið vann sinn fyrsta leik á heimavelli gegn FH síðan 2003. Það fellur allt með KR-ingum þessa dagana og þeir fara í EM-fríið á toppnum.**

**FÓTBOLTI** Eyðimerkurgöngu KR gegn FH á heimavelli lauk í gær. Eftir sjö tapleiki í röð á heimavelli voru álögin rofin og KR vann sigur. Lokatölur 2-0 en lengi vel benti fátt til sigurs KR og þá hélt markvörður þeirra, Hannes Þór Halldórsson, liðinu inni í leiknum.

FH var með frumkvæðið fyrsta klukkutímann. Skapaði sér ágæt færi en Hannes varði allt sem á markið kom. Sóknarleikur KR á sama tíma var í molum en liðið átti ekki skot að marki fyrsta klukkutímann.

Vendipunktur leiksins varð þegar Hannes varði vítaspyrnu Matthíasar Vilhjálmssonar frábærlega eftir tæpan klukkutíma og í kjölfarið tók KR Guðjón Baldvinsson af velli. Gunnar Örn kom inn og Kjartan Henry fór á toppinn. Við það breyttist allt hjá KR sem skyndilega tók öll völd á vellinum.

> Ég held að heppnin hafi verið með okkur í ár. Fyrri hálfleikur var dapur og sem betur fer var markalaust í hálfleik. Hannes kveikir svo í liðinu með því að verja vítið.
>
> **RÚNAR KRISTINSSON, ÞJÁLFARI KR**

Viktor Bjarki kom þeim yfir og eftir það var aldrei spurning hvernig færi. FH-ingar voru lamaðir eftir markið og ógnuðu ekki af neinu viti. KR fullkomnaði svo góðan dag með marki úr skyndisókn í lokin.

„Ég held að heppnin hafi verið með okkur í ár. Fyrri hálfleikur var dapur og sem betur fer var markalaust í hálfleik. Hannes kveikir svo í liðinu með því að verja vítið. Hann er frábær og markmenn þurfa stundum að skila stigum. Það gerði Hannes í dag. Hann á þessi þrjú stig og er búinn að vera frábær í allt sumar,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, himinlifandi með markvörðinn sinn og mátti vera það.

„Gunnar Örn kom frábær inn í liðið og það var meiri kraftur í Kjartani Henry er hann fór fram. Hann hljóp meira þar en á vængnum. Það stigu allir upp þennan síðasta hálftíma,“ sagði Rúnar sem vildi ekkert ræða titilvonir KR en hann er líklega hundfúll að þurfa að fara í frí þegar hans lið er á sífelldri uppleið og í fínni stöðu í deildinni.

Það var enginn uppgjafartónn í Heimi Guðjónssyni, þjálfara FH, þrátt fyrir að vera kominn níu stigum á eftir KR.

„Við vorum betri í 60 mínútur og við hættum að spila okkar leik eftir vítið. Ég vil ekki meina að við séum að gefa eftir því við lékum vel lungann úr þessum leik. Auðvitað eru vonbrigði að vera ekki komnir með fleiri stig en það er nóg eftir,“ sagði Heimir.

henry@frettabladid.is



**MAÐUR LEIKSINS** Hannes Þór Halldórsson varði frábærlega í leiknum í gær og hér hefur hann handsamað boltann einu sinni sem oftar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## KR 2-0 FH

*1-0 Viktor Bjarki Arnarsson (70.),*
*2-0 Baldur Sigurðsson (88.)*

KR-völlurinn, áhorf.: 1.432
Dómari: Þóroddur Hjaltalín Jr. (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–13 (5–7) |
| Varin skot | Hannes 7 – Gunnleifur 3 |
| Horn | 3–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–13 |
| Rangstöður | 2–3 |

**KR 4–3–3 *Hannes Þór Halldórsson 9** - Guðmundur Reynir Gunnarsson 8, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 7, Skúli Jón Friðgeirsson 6, Dofri Snorrason 3 (46., Magnús Már Lúðvíksson 6) - Baldur Sigurðsson 7, Bjarni Guðjónsson 6, Viktor Bjarki Arnarsson 7 (79., Ásgeir Ólafsson -) - Óskar Örn Hauksson 6, Kjartan Henry Finnbogason 8, Guðjón Baldvinsson 3 (61., Gunnar Örn Jónsson 7)

**FH 4–3–3** Gunnleifur Gunnleifsson 5 - Viktor Örn Guðmundsson 6, Tommy Nielsen 5, Pétur Viðarsson 7, Guðmundur Sævarsson 6 - Björn Daníel Sverrisson 5, Hólmar Örn Rúnarsson 6 (75., Ásgeir Gunnar -), Matthías Vilhjálmsson 5 - Atli Viðar Björnsson 3 (86., Einar Karl -), Atli Guðnason 6, Hannes Sigurðsson 5.



**ARON PÁLMARSSON** Er meiddur og verður ekki með í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undank. EM í handbolta:

## Verða að vinna Lettana í dag

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar eru úti í Lettlandi þar sem þeir mæta heimamönnum klukkan 16.35 í dag að íslenskum tíma í næstsíðasta leik sínum í undankeppni EM.

Íslenska liðið þarf að vinna tvo síðustu leiki sína og treysta á hagstæð úrslit til þess að komast í úrslitakeppnina sem fer fram í Serbíu í janúar 2012.

Austurríki og Þýskaland geta tryggt sér farseðilinn til Serbíu í dag en liðin eru í baráttu við Ísland um tvö efstu sæti riðilsins sem skila sæti í úrslitakeppninni. Austurríki er með 7 stig, Þjóðverjar hafa 5 stig og Ísland er með 4 stig.

Austurríkismenn komast til Serbíu vinni þeir Þýskaland í dag.

Íslenska liðið er úr leik tapist Lettaleikurinn og Þjóðverjar ná í stig eða að íslenska liðið nái aðeins jafntefli og Þjóðverjar vinni Austurríki. Ísland vann nauman 28-26 sigur í fyrri leiknum á móti Lettum í Höllinni. Þjóðverjar eiga síðan eftir leik á móti Lettum á heimavelli á sama tíma og Austurríkismenn mæta í Laugardalshöllina. - óój

Peter Öqvist velur landsliðið:

## Fyrirliðinn ekki valinn í hópinn

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson er ekki 22 manna landsliðshópi Peters Öqvist fyrir Norðurlandamótið í Sundsvall í sumar. Magnús Þór hefur verið fyrirliði liðsins í sex ár og hefur ekki misst úr landsleik síðan árið 2002.

Fimm nýliðar eru í hópnum: Emil Jóhannsson, Guðmundur Jónsson, Jón Orri Kristjánsson, Jón Ólafur Jónsson og Ólafur Ólafsson. Allan hópinn má sjá á Vísi.is. - óój

Þórsarar unnu Eyjamenn 2-1 fyrir norðan og Fram tók stig af Íslandsmeisturum Blika í Kópavoginum:

# Langþráð stig í húsi hjá báðum botnliðunum

**FÓTBOLTI** Þór og Fram enduðu bæði þriggja leikja taphrinur sínar í Pepsi-deild karla í gærkvöldi, Þór með því að vinna óvæntan 2-1 sigur á sjóðheitu Eyjaliði og Framarar með því að taka stig af Íslandsmeisturum Breiðabliks í Kópavoginum.

Þórsarar unnu fyrsta heimaleikinn sinn þegar lánlausir Eyjamenn komu í heimsókn. 2-1 sigur Þorpara sýndi karakter Þórsliðsins. David Disztl skoraði gott skallamark og Sveinn Elías Jónsson kom Þór í 2-0. Ian Jeffs minnkaði muninn af stuttu færi fyrir ÍBV.

Það lá gríðarlega á Þór í seinni hálfleik en Srdjan Rajkovic var maðurinn á bak við sigurinn. Markmaðurinn varði virkilega vel, nokkur dauðafæri auk þess sem hann greip vel inn í fjöldamargar hornspyrnur ÍBV. Þór bjargaði einnig á línu en ÍBV var fyrirmunað að skora þrátt fyrir nokkur dauðafæri.

Þórsarar börðust vel fyrir sigrinum og uppskáru ríkulega. „Við höfum talað upp heimavöllinn og það er ánægjulegt að standa undir því,“ sagði Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs. „Auðvitað vorum við heppnir, það lá gríðarlega mikið á okkur en mér er alveg sama, stigin þrjú gilda.“

Tryggvi Guðmundsson hrósaði Þórsliðinu í hástert. „Þeir tóku okkur bara á baráttunni. Við fengum færi til að vinna leikinn og áttum að skora fleiri mörk en eitt, alveg klárlega. Stundum er þetta svona,“ sagði Tryggvi.

Breiðablik og Fram skildu jöfn á Kópavogsvelli 1-1. Breiðablik komst yfir í fyrri hálfleik en Fram jafnaði metin korteri fyrir leikslok og þrátt fyrir mjög fjörugar og opnar lokamínútur urðu mörkin ekki fleiri og sanngjarnt jafntefli staðreynd.

„Við tökum stigið sáttir en þau hefða getað og mátt vera þrjú í dag. Þeir fá kannski færi líka til að klára þetta þannig að ég held að þetta hafi verið sanngjarnt,“ sagði Jón Guðni Fjóluson sem var mögulega að leika sinn síðasta leik fyrir Fram.

„Ég veit það ekki endanlega, það er eitthvað sem liðin ráða og ég geri bara eins og mér er sagt,“ sagði Jón Guðni aðspurður hvort hann hefði verið að leika kveðjuleik sinn fyrir félagið.

Ólafur Kristjánsson þjálfari Breiðabliks var ekki sáttur við spilamennsku síns liðs. Ég sætti mig við stigið en ég er ekki sáttur við frammistöðu okkar í leiknum. Mér fannst við ekki gefa nægilega mikið í þegar við vorum með forystuna í leiknum. Við náum ekki að setja annað mark til að láta þá koðna. Á meðan staðan var 1-0 var von fyrir þá og í seinni hálfleik vorum við í fyrsta gír,“ sagði Ólafur. - hþh, gmi



**SRDJAN RAJKOVIC** Átti mjög góðan leik í marki Þórsara í gær.

20-70% afsláttur

# HVÍTASUNNU SPRENGJA!

## frá miðvikudegi - laugardags

20% auka afsláttur af öllum vörum

A3 OUTLET CENTER

**Opið**
Virka daga 10 - 18
Laugardaga 11 - 16

**Austurhrauni 3, Garðabæ**

CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

## BARNA PEYSUR



20% AFSLÁTTUR

~~5.990~~
Gunna **4.792**
Margir litir



20% AFSLÁTTUR

~~6.990~~
Rósi **5.592**
Blá og svört

~~6.990~~
Gurrý **5.592**
Bleik, blá og rauð

## DÖMU PEYSUR



20% AFSLÁTTUR

~~8.990~~
Elva **7.120**
Margir litir



20% AFSLÁTTUR

~~13.990~~
Alda **11.192**
Rauð og blá

~~10.990~~
Kolbrún **8.792**
Brún og svört

## HERRA PEYSUR



20% AFSLÁTTUR

~~16.990~~
Skorri **13.592**
Blá



20% AFSLÁTTUR

~~16.990~~
Matthias **13.592**
Grá






20% AFSLÁTTUR

~~14.990~~
Asics **11.992**
Skór



20% AFSLÁTTUR

~~4.990~~
Casall **3.992**
Bolur

asics casall KETCH O'NEILL SEAFOLLY Teva

> **Liam Neeson**

„Það er áhugavert að því frægari sem þú verður því fleiri hluti færðu gefins.“

***Í kvikmyndinni Taken leikur Liam Neeson fyrrverandi leyniþjónustumann sem þarf að nota alla sína þekkingu og reynslu til þess að bjarga dóttur sinni úr klóm mannræningja. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói í kvöld kl. 22.15.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON RÝNIR Í AÐRA ÞÁTTARÖÐ STEINDANS OKKAR

# *Hæðir og lægðir ferskasta grínista landsins*

Annarri þáttaröð Steindans okkar lauk í síðustu viku með einu af betri tónlistarmyndböndum sem Steindi og félagar hafa sent frá sér. Steindi er í forsvari fyrir nýja kynslóð grínista á Íslandi og hann á bara eftir að verða betri. Önnur þáttaröðin var góð, en ekki fullkomin. Fyrsta þáttaröðin var bomban, en ég spái því að sú þriðja verði betri en önnur.

Styrkleikar Steindans okkar felast oft í stórkostlegu vali á frægum gestum. Egill Ólafsson og Sölvi Tryggvason voru stórkostlegt golfarateymi í frábæru lagi, Yesmine Olsson og Addi Fannar voru óvænt ánægja og sekúndurnar sem Unnur Steins sást í laginu Gull af mönnum færðu atriðið upp í hæstu hæðir ásamt stórkostlegri frammistöðu Steinda, Bents og að sjálfsögðu Matta Papa sem fór á kostum.

Steindi hitti þó ekki alltaf í mark, enda væri ósanngjörn krafa að maður ætti að skella upp úr í hverju atriði. Nokkrar persónur féllu ekki í kramið og það er leiðinlegt að segja frá því að tvær misheppnuðustu persónurnar að mínu mati voru kona og hommi. Ljóskan sem var að hitta Loga Geirs varð fljótt þreytt og hommadraugurinn sem ásótti gesti Dönsku kráarinnar var eflaust fyndnari á blaði en hann var í sjónvarpinu.

Velheppnuðu atriðin skyggðu þó á þau góðu. Lögin voru almennt stórkostleg og innbrotið til Bubba Morthens frábært en ég saknaði þess að sjá ekki sjómennina sem léku sér í táningsleikjum oftar en í fyrsta þætti. Enginn skyldi efast um að framtíðin í íslensku gríni er björt, sérstaklega ef Steindi Jr. og félagar halda áfram að framleiða sjónvarpsefni.



## RÚV

**15.00 Galdrakarlinn á Súganda** (e)
**15.35 Íslenski boltinn** (e)
**16.30 Landsleikur í handbolta**
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.08 Disneystundin**
**18.09 Finnbogi og Felix**
**18.31 Fínni kostur** (16:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Eldhúsdagur á Alþingi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Golf á Íslandi** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi. Þættirnir fjalla um almennings- og keppnisgolf á Íslandi og leitast er við að fræða áhorfandann um golf almennt, helstu reglur og tækniatriði auk þess sem við kynnumst íslenskum keppniskylfingum og fylgjumst með Íslensku golfmótaröðinni.
**22.50 Músíktilraunir 2011** Upptaka frá lokakvöldi Músíktilrauna í vor. Við sögu koma allar hljómsveitirnar sem komust í úrslit.
**23.50 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land.
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.05 Ask the Dust**
**10.00 White Men Can't Jump**
**12.00 Speed Racer**
**14.10 Ask the Dust**
**16.05 White Men Can't Jump**
**18.00 Speed Racer**
**20.10 Iron Man**
**22.15 Taken**
**00.00 The Incredible Hulk**
**02.00 Glastonbury Heimildarmynd**
**04.15 Taken**
**06.00 Love Wrecked**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover. Home Edition** (11:25)
**11.00 Wonder Years** (14:17)
**11.25 The New Adventures of Old Christine** (21:22)
**11.50 Burn Notice** (10:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Office** (6:6)
**13.30 American Idol** (9:43)
**14.15 American Idol** (10:43)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Camp Lazlo**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (10:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (13:24)
**19.45 Modern Family** (22:24)
**20.10 Modern Family** (20:24)
**20.30 The Big Bang Theory** (10:23)
**20.55 How I Met Your Mother** (11:24)
**21.20 Bones** (11:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan í réttarmeinafræðings.
**22.05 Hung** (8:10)
**22.35 Bored to death** (1:8)
**23.00 Daily Show. Global Edition**
**23.30 Gossip Girl** (16:22)
**00.15 Grey's Anatomy** (22:22)
**01.00 Ghost Whisperer** (12:22)
**01.45 The Ex List** (7:13)
**02.30 NCIS: Los Angeles** (6:24)
**03.15 Eleventh Hour** (6:18)
**03.55 Nip/Tuck** (1:19)
**04.40 The Deep End** (1:6)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**17.30 KR - FH** Útsending frá leik KR og FH í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**19.20 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**20.30 Dallas - Miami** Útsending frá fjórða leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.
**22.20 Logi Geirsson** Mögnuð þáttaröð þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Í þessum þætti fá áhorfendur að kynnast Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.
**23.00 LA Liga Review** Fjörugur þáttur þar sem tímabilið í spænsku úrvalsdeildinni er gert upp. Barcelona fór á kostum með Lionel Messi í aðalhlutverki á meðan Real Madrid var alltaf skrefi á eftir þrátt fyrir að Cristiano Ronaldo setti nýtt markamet.

## SPORT 2 enski boltinn

**18.15 Man. Utd. - Newcastle** Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Batistuta** Gabriel Omar Batistuta er talinn einn besti framherji sögunnar og í þessum magnaða þætti verður ferill þessa stórkostlega leikmanns skoðaður.
**21.00 Season Highlights 2010/2011** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**21.55 PL Classic Matches. Man Utd - Liverpool, 1992**
**22.25 Man. Utd - Liverpool** Útsending frá leik Man. Utd og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.15 Rachael Ray**
**18.00 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (5:5) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (3.12) (e) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.
**19.45 Will & Grace** (19:25) Endursýning frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 Top Chef** (3:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Matreiðslumennirnir fá nú tækifæri til að sýna hæfileika sína í að útbúa skyndibita sem þeir útdeila svo á góðgerðarsamkomu.
**21.00 Blue Bloods** (19:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagans, lögreglustjóra New York borgar.
**21.45 America's Next Top Model** (11:13)
**22.35 Penn & Teller** (4:10)
**23.05 The Real L Word: Los Angeles** (3:9)
**23.50 Hawaii Five-0** (14:24) (e)
**00.35 Law & Order: Los Angeles** (11:22) (e)
**01.20 CSI: New York** (22:23) (e)
**02.05 Will & Grace** (19:25) (e)
**02.25 Blue Bloods** (19:22) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**08.10 The Memorial Tournament** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 The Memorial Tournament** (2:4)
**16.00 US Open 2006 - Official Film**
**17.00 US Open 2008 - Official Film**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (22:42)
**19.20 LPGA Highlights** (8:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (10:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (23:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (21:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.35 The Doctors**
**20.15 The New Adventures of Old Christine** (3:22)
**20.35 The New Adventures of Old Christine** (4:22) Fjórða þáttaröðin um Christine sem er einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (20:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar fimm manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður er með ungri suðuramerískri fegurðardís.
**22.15 Bones** (11:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones.
**23.00 Hung** (8:10)
**23.30 Bored to death** (1:8)
**00.00 Daily Show. Global Edition**
**00.25 The New Adventures of Old Christine** (3:22)
**01.10 The Doctors**
**01.14 The New Adventures of Old Christine** (4:22)
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Fiskikóngurinn** Sælgæti sjávar að hætti fiskikóngsins.
**20.30 Veiðisumarið** Bender, Leifur og Aron verða á veiðislóðum í allt sumar.
**21.00 Gestagangur hjá Randver** Randver og góðir gestir.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur Ólafsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





**með Miele**

**Tango Plus er vinsælasta ryksugan frá Miele**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.



**kr.: 25.900**
**Verðlistaverð kr.: 34.530**

**Care Collection ryksugupokar og ofnæmissíur** eru sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur

***Farðu alla leið með Miele***

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.55
### Off the Map

Glæný, spennandi og dramatísk þáttaröð frá framleiðendum Grey's Anatomy. Hún fjallar um sex unga lækna sem bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í smábæ í frumskógum Suður-Ameríku.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.05** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Þriðja ástin eftir Nínu Björk Árnadóttur. **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn Fréttatengt efni. **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Okkar á milli **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins Sigríður Friðgeirsdóttir flytur. **22.15** Bak við stjörnurnar **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.00** The Weakest Link **11.45** Keeping Up Appearances **12.15** Fawlty Towers **12.45** ,Allo ,Allo! **13.15** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.20** The Weakest Link **15.05** The Weakest Link **15.55** Fawlty Towers **16.25** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** New Tricks **23.50** New Tricks **00.45** Top Gear **01.35** Jack Dee Live at the Apollo

## DR 1

**11.30** Ud i det blå **12.00** Mission: Baby **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Vi mødes i retten **20.50** Onsdags Lotto **20.55** OBS **21.00** Ross Kemp in Afghanistan

## NRK 1

**11.35** Tracey Ullmans USA **12.00** NRK nyheter **12.05** Grønn glede **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** En svensk sommer i Finland **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommerhuset **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.50** Bolt - Jamaicas gullgut **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Lov og orden. London **20.30** Små orgler og stor kunst i Venezia

## svt1

**11.15** Lustgården **12.45** Grön glädje **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hollywoodredaktionen **14.30** Fikapaus **14.50** Anslagstavlan **14.55** Arvfiender **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** En räddningsskutas sista resa **16.55** Gärdesgård av skidor **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Tudors **19.55** Undercover Boss **20.40** Bored to Death **21.10** Slottsfruar **22.10** Slottsfruar








VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég elska Twin Peaks. Dimmir, drungalegir og fáránlega heilsteypt persónusköpun. Svo elska ég líka Simpsons af því að ég hlæ mig máttlausa. Svo nefni ég Sopranos því ég er enn grenjandi af því að þeir eru hættir.“*

Hlín Einarsdóttir, ritstjóri Bleikt.is.

# Inspired by Iceland misnotað í Búlgaríu

„Ég var bara bókaður í gegnum umboðsskrifstofuna mína,“ segir Stephan Stephensen, betur þekktur sem President Bongo úr Gus-Gus. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær stendur til að halda upp á þjóðhátíðardag Íslendinga á off-iseraklúbbi í Sofíu hinn 17. júní eins og lög gera ráð fyrir.

Hins vegar er einn hængur á. Samkvæmt búlgörskum fréttamiðlum og auglýsingum fyrir tónleikana átti landkynningarverkefnið Inspired by Iceland að styðja við bakið á þessum dansleik og hafði hann verið auglýstur með vörumerki þess. Hjá Íslandsstofu, sem er með Inspired by Iceland á sinni könnu, kannast hins vegar enginn við að hafa gefið grænt ljós á umrædda stuðtónleika í Búlgaríu. „Við erum að setja okkur í samband við tónleikahaldarann og fá skýringar. Það hefur aldrei gerst áður að vörumerkið hafi verið notað á prentað efni án okkar vitundar og munum við því skoða þetta mál betur í framhaldinu,“ segir Inga Hlín Pálsdóttir,forstöðumaður markaðssóknar.

Simeon Vasilev, ritstjóri búlgarska plötusnúðatímaritsins DJ Mag Bulgaria, stendur fyrir tónleikunum í Sofíu. Fréttablaðið reyndi að ná tali af honum í gær en hafði ekki erindi sem erfiði. - fgg



**EKKI ER ALLT SEM SÝNIST** Inspired by Iceland kemur ekki nálægt 17. júní dansleiknum í Búlgaríu sem þau Lára Rúnarsdóttir og President Bongo spila á, að sögn Ingu Hlínar Pálsdóttur, forstöðumanns markaðssóknar.




RIDLEY SCOTT: RISAMYNDIN PROMETHEUS TEKIN UPP HÉR Í SUMAR

# Charlize Theron leikur í geimverumynd á Íslandi

Óskarsverðlaunaleikkonan Charlize Theron er væntanleg til landsins í júlí þegar tökur á risamynd Ridley Scott, Prometheus, hefjast.

Meðal annarra stórstjarna sem fylgja tökuliðinu hingað til lands má nefna ástralska leikarann Guy Pearce, sem er frægastur fyrir leik sinn í Memento, L.A. Confidential og King's Speech. Þá má fastlega gera ráð fyrir því að hin sænska Noomi Rapace endurnýi kynni sín við Ísland. Rapace þreytti frumraun sína fyrir framan tökuvélarnar í íslensku víkingamyndinni Í skugga hrafnsins eftir Hrafn Gunnlaugsson fyrir þrettán árum. Hún sló svo í gegn í Millennium-þríleiknum eftir bókum Stiegs Larsson.

Framleiðslufyrirtækið True North heldur utan um verkefnið sem verður svipað að umfangi og þegar kvikmyndatökulið kvikmyndarinnar Lara Croft vann við Jökulsárlón árið 2000. Hátt í 350 starfsmenn munu koma að tökunum sem eiga að standa yfir í vikutíma. Framleiðslustjóri myndarinnar, Sam Breckman, hefur hreiðrað um sig í skrifstofum fyrirtækisins við Seljaveg 2 til að undirbúa jarðveginn fyrir komu tökuliðsins en Breckman er mikill reynslubolti í Hollywood og hefur unnið með leikstjórum á borð við Chris Nolan og Ron Howard. Breckman var Nolan meðal annars til halds og trausts þegar tökur á Batman Begins fóru fram við Svínafellsjökul árið 2005.

Starfsfólk True North er þögult sem gröfin og Leifur B. Dagfinnsson framleiðandi vildi ekkert tjá sig við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað. Mikil leynd hefur ríkt yfir tökum Prometheus sem farið hafa fram í Pinewood-myndverinu í Bretlandi undanfarna daga og má því búast við mikilli öryggisgæslu þegar tökurnar hefjast hér á landi. Scott hefur jafnframt lítið viljað tjá sig um söguþráðinn en það hefur þó fengist staðfest að myndin mun eiga sér stað í sama heimi og Alien-kvikmynd leikstjórans. Talið er að kostnaðurinn við gerð myndarinnar sé í kringum 150-160 milljónir dollara sem samsvarar 17 milljörðum íslenskra króna.

freyrgigja@frettabladid.is

### ÓSKARSVERÐLAUNAHAFI

**Charlize Theron** hlaut Óskarsverðlaunin árið 2003 fyrir leik sinn í kvikmyndinni Monster og var tilnefnd til sömu verðlauna tveimur árum seinna. Theron er meðal skærustu stjarna Hollywood en hún hefur leikið í kvikmyndum á borð við Hancock, The Italian Job og The Devil's Advocate auk þess sem hún sat fyrir hjá Playboy árið 1999. Theron, sem er fædd í Suður-Afríku en er með bandarískan ríkisborgararétt, er mikill knattspyrnuunnandi og heldur með Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Hún hafði áður lýst yfir stuðningi við Chelsea. Theron var í sambúð með írska leikaranum Stuart Townsend en þau hættu saman fyrir ári og hefur leikkonan síðan þá verið að hitta Keanu Reeves.







### STÓRSKOTALIÐ

Charlize Theron og **Guy Pearce** eru væntanleg til landsins í júlí til að leika í stórmyndinni Prometheus eftir Ridley Scott. Tökur munu væntanlega standa yfir í viku og hátt í 350 starfsmenn munu koma að gerð myndarinnar. Sænska leikkonan **Noomi Rapace** leikur einnig stórt hlutverk í myndinni og gæti því endurnýjað kynnin við Ísland.

# Gunnar stóð við stóru orðin

„Þetta er eitthvað sem þjóðin verður að vita. Ég stóð við stóru orðin,“ segir Gunnar Hansson leikari.

Eins og Fréttablaðið greindi frá blésu listamenn til golfmóts á Bakkakotsvelli í Mosfellsdal 2. júní. Gunnar Hansson lýsti því þar yfir að hann hygðist vinna mótið, hann hefði verið svo skelfilega lélegur á þessu sama móti í fyrra. Og viti menn, Gunnar stóð uppi sem sigurvegari. Hann hafnaði í 1.-2. sæti með forgjöf en vann mótið án forgjafar, lék hringinn á 73 höggum og fékk meðal annars sex fugla.

Arnar Jónsson leikari, annar liðtækur kylfingur, hafnaði í 10. sæti, lék hringinn á 85 höggum en í þriðja sæti varð blúskóngurinn Halldór Bragason. Hann lék Bakkakotsvöll á 79 höggum. Gunnar Björn Guðmundsson, Skaupsleikstjórinn góðkunni, átti sæmilegan dag í Mosfellsdalnum og hafnaði í átjánda sæti en hann lék hringinn á 92 höggum. Spaugstofufélagarnir fyrrverandi, Sigurður Sigurjónsson og Randver Þorláksson, áttu hins vegar ekki góðan dag á golfmótinu því Randver lék á 102 höggum og Sigurður kom inn á 109 höggum. Kjartan Guðjónsson leikari varð síðan þriðji neðsti en hann lék hringinn á 118 höggum. Kjartani til málsbóta má nefna að hann var skráður með 36 í forgjöf. - fgg



**SIGUR** Gunnar Hansson vann golfmót listamanna sem fram fór á Bakkakotsvelli í Mosfellsdal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

N1 KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ SENU

# EAGLES

NÝJA LAUGARDALSHÖLLIN 9. JÚNÍ 2011

## DAGSKRÁ

18.30 **HÚSIÐ OPNAÐ**

20:00 **MAGNÚS & JÓHANN**

21.00 **EAGLES**

## VINSAMLEGAST ATHUGIÐ

- Ekkert fatahengi verður á tónleikunum
- Mynd- og hljóðupptökur eru bannaðar
- Myndavélar eru bannaðar
- Flöskur með hverskyns vökva eru bannaðar
- Stólar, hvílur og kollar eru bannaðir

Eftir að komið er inn á tónleikasvæðið er ekki hægt að fara út af því aftur nema ógilda miðann. Þrjú útisvæði verða til staðar innan tónleikasvæðisins. Nauðsynlegt er að halda upp á A miðann til að komast inn á A svæði.

Miðasala í Höllinni opnar klukkan 14:00 á tónleikadag, þar verður hægt að sækja miða sem keyptir hafa verið á netinu.

Við bendum á eftirfarandi bílastæði:
Laugardalshöll · Suðurlandsbraut · Við fótboltavöll · Við skautasvell

N1 OG SENA ÓSKA 10.000 GESTUM GÓÐRAR SKEMMTUNAR ANNAÐ KVÖLD!

sena

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á vegum úti

**Björk Guðmundsdóttir** hefur gefið aðdáendum sínum nasasjón af því hvernig hljómurinn verður á hennar nýjustu plötu, Biophilia. Á myndbandavefsíðunni YouTube má nú nálgast myndband af Björk þar sem hún situr í bílnum sínum og keyrir eftir ótilgreindum vegi á Íslandi og hlustar á brot úr laginu Crystalline, sem verður fyrsta smáskífa plötunnar. Smáskífan kemur út síðar í þessum mánuði. Eins og búast mátti við er Björk á nýjum slóðum með tónlist sinni ef marka má fyrsta brotið, en myndbandið er alls þrjátíu sekúndur að lengd.



### Lipur á dansgólfinu

Knattspyrnukappinn **Eiður Smári Guðjohnsen** lék á als oddi á skemmtistaðnum B5 á laugardagskvöldið, en fyrr um daginn hafði íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tapað 2-0 fyrir því danska á Laugardalsvellinum. Eiður var ekki mikið að velta sér upp úr tapinu og sýndi lipra takta á dansgólfinu, en með í för voru meðal annars þeir Auðunn Blöndal og Hjörvar Hafliðason. Ófáar stúlkur á skemmtistaðnum gáfu sig á tal við leikmanninn og þær allra heppnustu fengu snúning á dansgólfinu.
**- fgg, - ka**



### Mest lesið — VÍSIR

1. Aldrei hefði átt að ákæra Geir
2. Borgin vill starfsfólk Hörpunnar í strætó
3. Árni Páll fékk tæpar fjörutíu milljónir frá Íbúðalánasjóði
4. Norður-Kórea næstbest í heiminum
5. Útvegaði burðardýr til fíkniefnasmygls




